Þakklát fyrir velgengnina



Menning ➤ 15

Sjötíu ár frá stofnun Lions



Tímamót ➤ 12

Plata um loftslagsmál



Lífið ➤ 18

FRÉTTABLAÐIÐ

160. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR · frettabladid.is · ÞRIÐJUDAGUR 17. ÁGÚST 2021



Liðsmenn talíbana nærri Hamid Karzai, alþjóðaflugvellinum í Kabúl í Afganistan, í gær. Joe Biden, forseti Bandaríkjanna, varði í gærkvöld þá ákvörðun að draga bandarískt herlið til baka frá landinu. Sagði Biden að það að ríkisstjórnin hafi ekki sjálf veitt viðnám við yfirtöku talíbana vera til marks um að ekki væri tilgangur með veru Bandaríkjamanna í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Nýju reglurnar meina ósmitandi fólki heimför

**Fullbólusettir Íslendingar, eða þeir sem hafa tengsl við Ísland, gætu átt í vandræðum með að koma til landsins smitist þeir af veirunni ytra. Samkvæmt nýrri reglugerð þarf að framvísa neikvæðu PCR-prófi fyrir flug til Íslands.**

mhj@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Í nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra um smitvarnir er ekki ákvæði um þá sem hafa jafnað sig á Covid-veikindum en eru enn jákvæðir í PCR-prófi.

Þeir sem smitast erlendis og taka út tíu til fjórtán daga einangrun gætu jafnvel þurft að bíða í tvo mánuði áður en þeim verður hleypt í áætlunarflug.

„Erfðaefni veirunnar getur fundist í öndunarveginum í einhverjar vikur eftir að viðkomandi hefur náð bata án þess að viðkomandi sé smitandi, því PCR-prófið er svo næmt,“ segir Runólfur Pálsson, yfirmaður Covid-göngudeildarinnar.

„Þetta var mál málanna sumarið 2020 þegar landamærin voru opnuð, fyrir tíma bólusetninga. Þá voru einstaklingar sem voru búnir að fá Covid-19 að reynast með jákvætt PCR-próf þegar þeir komu til landsins. Þá vorum við í því að meta hvort þetta væri virk sýking eða eldri sýking og við gerðum það meðal annars með því að mæla mótefni,“ segir Runólfur en slíkt er gert með blóðprufu.

> ” **Þessir aðilar eru í vonlausri aðstöðu til að meta það hvort þetta er einstaklingur sem er smitandi.**
>
> Runólfur Pálsson, yfirmaður Covid-göngudeildarinnar.

„Það er hægt að meta þetta með ákveðnum leiðum í PCR-prófi. Ef það er lagt mat á veirumagnið en þetta er mjög snúið mál og þessir aðilar eru í vonlausri aðstöðu til að meta það hvort þetta er einstaklingur sem er smitandi, eða hvort þetta er einstaklingur sem er búinn að fá Covid-19 og er ekki lengur smitandi en ber samt erfðaefni veirunnar í öndunarvegi,“ segir Runólfur, sem bendir á að þessu fólki sé hleypt aftur inn í samfélagið eftir einangrunina en það séu líkur á að því verði meinað að fara í flug til landsins.

„Við höfum verið að meta þetta hér eftir að fólk er komið inn í landið en það þarf að draga blóðsýni til að mæla mótefni og sýna fram á þetta,“ segir Runólfur.

„En það er alveg hugsanlegt ef svo ber undir að viðkomandi sé ekki lengur smitandi, hann er búinn að ná bata af Covid-19 en er enn þá með veiruna í öndunarveginum. Það er alveg mögulegt í þessari stöðu.“

Runólfur segir spurningu hvernig sóttvarnayfirvöld vilji hliðra til fyrir því að þetta fólk komist heim. „Það eru margar erfiðar hliðar á þessu,“ segir hann. ■





Jakob Frímann Magnússon á Akureyri. MYND/AÐSEND

## Jakob leiðir hjá Flokki fólksins

ser@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** „Ég geng heils hugar til liðs við þau góðu stefnumál og ekki síst þann málstað réttlætis og mannúðar sem Flokkur fólksins boðar,“ segir Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður, sem skipa mun fyrsta sæti á lista Flokks fólksins í Norðausturkjördæmi í alþingiskosningunum í september.

„Ísland er í hópi auðugustu samfélaga heims og okkur ber að rétta án tafar hlut þeirra sem festir hafa verið í fátæktargildru þeirra neyðarlaga sem hér voru sett á eftir hrun og valda því að tugþúsundir einstaklinga búa við kröpp kjör að afloknu ævistarfi sínu, að ekki sé talað um þá sem orðið hafa fyrir áföllum, lent í slysum eða búa við skerta orku. Ég mun beita mér af alefli til að þetta verði leiðrétt og geng til þeirra verka með trú, von og kærleika að leiðarljósi,“ segir Jakob. ■

## Hraðskreiðir stúdentar




Team Spark, sem er kappaksturslið Háskóla Íslands, kynnti í gær nýja kappakstursbílinn sinn, TS21 á Háskólatorgi. „Mikil vinna hefur farið í hönnun og smíði á nýja bílnum okkar,“ segir á Facebook-síðu Team Spark um viðburðinn í gær. Og eins og sést er höndunum ekki kastað til við smíði á gripnum. Liðsmenn hópsins eru við nám á verkfræði- og náttúruvísindasviði háskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Nítján ára stúlka lendir í Reykjavík á ferðalagi sínu í kringum hnöttinn

benediktboas@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Zara Rutherford, 19 ára stúlka, kemur við í Reykjavík á fimmtudag á ferðalagi sínu hringinn í kringum hnöttinn. Takist Rutherford ætlunarverk sitt verður hún yngsta konan sem flýgur einsömul í kringum hnöttinn. Fyrra metið á Shaesta Waiz, sem var þrítug þegar hún fór ferðina árið 2017.

Rutherford leggur af stað frá Belgíu á morgun, flýgur til Englands, þaðan til Skotlands og kemur til borgarinnar á fimmtudag. Hún stefnir að því að koma aftur til Belgíu 4. september.

Erlendir miðlar hafa fjallað mikið um Rutherford að undanförnu.



Zara Rutherford.

CNN, The Guardian og BBC hafa öll skrifað stórar greinar um hana. Þar kemur fram að hún vilji hvetja stelpur til að láta drauma sína rætast. Þetta sé hennar draumur en foreldrar hennar eru báðir flugstjórar og fékk hún flugmannsréttindi árið 2020. ■




# Þjóðverjar senda sjálfir frá landsleik á Laugardalsvelli

Um eitt hundrað manna lið kemur frá Þýskalandi til að senda út landsleik Íslands og Þýskalands 8. september. Hluti kostnaðar lendir á KSÍ.

benediktboas@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** „Vegna Covid koma aðeins 100 starfsmenn frá Þýskalandi til að framleiða leikinn fyrir sjónvarpið þar. Hluti af kostnaði sem til fellur lendir á KSÍ,“ segir Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands, um komandi landsleiki gegn Rúmeníu, Norður-Makedóníu og svo Þýskalandi í byrjun september.

Samkvæmt reglugerð hefur gestalið rétt á því að búa til sína eigin útsendingu og nýta Þjóðverjar sér það. Klara segir að útbúa þurfi sjónvarpspall í austurstúkunni og muni útsýni skerðast í neðstu sætaröðum í vesturstúku vegna sérstaks Led-kerfis sem verður þeim megin.

Í stjórn KSÍ hefur verið rætt um vandamál við að fá fullnægjandi varaaflsstöð fyrir landsleiki á Laugardalsvelli. Klara segir að svo virðist sem ekki séu margar stórar færanlegar varaaflsstöðvar til á landinu.

„Þýska sjónvarpið reyndi að leigja sér slíka en fann ekki fullnægjandi. Því kemur varaaflsstöð frá Þýskalandi,“ segir Klara.

Eðlilega þurfi mjög stóra varaaflsstöð fyrir flóðljósin á Laugardalsvelli og slíkar liggja ekki á lausu hér á landi. KSÍ hafi bjargað sér hingað til með hjálp velviljaðra aðila en það sé ekki lausn til framtíðar.

„Móttaka og aðgengi að vinnuaðstöðu fjölmiðla er flókið og erfitt og blandast undantekningarlaust við almenning eða við svæði keppnisliðanna. Við erum endalaust að vinna með skammtímalausnir og reddingar með tilheyrandi vinnu og kostnaði.“



Úr leik Íslands og Rúmeníu í umspili um laust sæti á EM í ár. Liðin leika á Laugardalsvelli í byrjun september. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ.

Landsliðin þrjú sem séu að koma til landsins þurfi að vera í búbblu og kostnaður við slíka búbblu er mikill og álagið á starfsmenn KSÍ verður margfalt í kjölfarið. Klara bendir á að KSÍ þurfi að hafa fylgdarmann dómara og dómaraeftirlitsmanns og fylgdarmann eftirlitsmanns á hóteli allan tímann.

„Þetta flækir allt utanumhald. Það þarf stærri bíla fyrir til dæmis dómara, aukarútur bæði fyrir heimalið og gestalið, sóttvarnahólf og svæðaskipting á Laugardalsvelli kallar á að fleiri starfsmenn þurfa að koma að verkum. Það má líka nefna að búbbluumhverfið krefst þess að hluti starfsmanna þarf að vera á hóteli með liðinu, í búbblunni með öllu tilheyrandi, þrátt fyrir að búa í 10-15 mínútna fjarlægð.“

KSÍ bendir á að ef takmarkanir á fjölda áhorfenda verða sambærilegar við þær sem eru í gildi núna þá hafi það veruleg neikvæð áhrif á tekjur sambandsins og afkomu ársins.

„Það er rétt, tekjutapið gæti orðið töluvert sem hefur neikvæð áhrif á afkomu ársins. Á þessu stigi er ekki tímabært að nefna ákveðna upphæð en við erum að vinna í því að greina málið og skoða hvernig við getum lágmarkað tapið,“ segir Klara. ■

# ÚTSALA

## 20-70% AFSLÁTTUR



**Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is**

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

**Útsölunni lýkur laugardaginn 28. ágúst**

Vogue

FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Tilboð gilda meðan birgðir endast

## Jákvætt en ekki langtímalausn

thorgrimur@frettabladid.is

**COVID-19** „Við fögnum allri viðleitni til að koma til móts við það neyðarástand sem ríkir,“ segir Helga Vala Helgadóttir, þingkona Samfylkingarinnar og formaður velferðarnefndar Alþingis, um samninga við einkaaðila vegna gjörgæsluvakta.

„Það hefði auðvitað verið ákjósanlegra ef um væri að ræða einhverja varanlega lausn á mönnunarvandanum. Til dæmis ef farið hefði verið í að reyna að laða að þessa 400 hjúkrunarfræðinga sem hafa skipt um starf út af starfsaðstæðum og starfskjörum.“



Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis.

„Ef um væri að ræða einstakt tilvik sem eingöngu væri hægt að kenna Covid um, þá hefði maður fulla samúð með stöðunni. En ástandið er lengi búið að vera grafalvarlegt,“ segir Helga Vala. Bent hafi verið á að laða yrði fólk til starfa.

„En þá brugðust stjórnvöld við með því að hrista hausinn og sögðu það fáránlega hugmynd að ætla að fjölga opinberum störfum.“ ■

## Hjálpin viðbrögð við óvæntu álagi

thorgrimur@frettabladid.is

**COVID-19** „Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er sérstakt og það kann að kalla á sérstakar lausnir,“ segir Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður VG og varaformaður velferðarnefndar Alþingis, um ráðstafanirnar vegna gjörgæslunnar.

„Það er ekki þar með sagt að þetta sé einhver varanleg lausn á vandanum, enda er fyrst og fremst verið að tala um að fá hjálp einkaaðila við mönnun en ekki rekstur. Í þessum faraldri hefur ítrekað verið leitað lausna hjá einkaaðilum, bæði í formi ráðgjafar og tæknilausna.“

Megináherslu segir Ólafur vera að heilbrigðiskerfið sé í opinberum rekstri. „En það þýðir ekki að það sé ekki hægt að leita til einkaaðila við svona óvenjulegar aðstæður,“ bætir Ólafur við. ■

# Aflýsa ferðum vegna stöðu faraldursins

thorvaldur@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTAN** Íslensk flugfélög og ferðaskrifstofur hafa þurft að aflýsa ferðum vegna stöðu faraldursins. Heimsferðir hafa aflýst fjórum ferðum til Malaga og þremur til Alicante í sumar og haust. Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, staðfestir þetta.

Tómas segir hafa borið nokkuð á því að hópar vilji fresta ferðum en segir þó greinilegt að fólk ætli sér að ferðast síðar.

„Það hefur náttúrlega aðeins dregið úr eftirspurninni og svo hefur fólk viljað fresta ferðinni sinni. Þess vegna höfum við brugðið á það ráð að draga aðeins úr framboðinu,“ segir Tómas.



Nýjasta bylgja kórónaveirunnar dregur verulega úr ferðavilja Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hann segir að í þeim tilvikum þar sem flug hafa verið felld niður muni farþegum bjóðast full endurgreiðsla en í þeim tilvikum þar sem fólk afbókar flug sem verða farin eða vill breyta ferðinni þá gildi ferðaskilmálar.

Vita hefur einnig þurft að fella niður ferðir og hefur ferðaskrifstofan aflýst fjórum ferðum til Krítar í ágúst og september. Þráinn Vigfússon, framkvæmdastjóri Vita, staðfestir þetta. Hann segir að breyttar reglur á landamærunum sem kveða á um að allir sem komi til Íslands verði að framvísa neikvæðu PCR prófi hafi haft neikvæð áhrif á bókanir.

„Það hefur náttúrlega haft slæm áhrif og við mátum það þannig að þar sem þetta er stutt „season“ hjá okkur til Krítar að einbeita okkur að Alicante og Tenerife,“ segir Þráinn.

Að sögn Þráins hefur öllum gestum fyrirhugaðra ferða til Krítar verið boðin full endurgreiðsla eða inneign fyrir aðra ferð. ■

# Liðsaukanum frá Klíníkinni fagnað

**Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur fengið einkafyrirtækið Klíníkina til að útvega mannskap til að fylla í skörðin á gjörgæsludeild Landspítalans. Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans, lýsir mikilli ánægju með ráðstöfunina.**

linda@frettabladid.is
thorgrimur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir að nú sé verið að leita leiða með einkaaðilum til að manna vaktir á gjörgæsludeildum, bæði til að bæta mönnun og til að bæta við óþreyttu fólki. Þetta kom fram í viðtali við Svandísi í Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi.

„Þetta eru aðilar sem eru að reka heilbrigðisþjónustu úti í bæ en hafa tekið því vel þegar við höfum leitað eftir því að þau geti ljáð okkur lið, eða lagt okkur lið öllu heldur. Bæði læknar og hjúkrunarfræðingar og fjölbreyttara starfsfólk, sem er að hjálpa okkur að manna þessar deildir sem mæðir mest á,“ sagði Svandís.

Spurð hvort það sé ekki úr takti við hennar pólitík sem hefur ávallt talað gegn einkavæðingu heilbrigðiskerfisins sagði Svandís að það sé í takt við hennar pólitík að leysa málin.

„Ef þetta er leiðin til þess, þá geri ég það,“ sagði ráðherrann. Það væri hluti af Covid-faraldrinum að allir snúi bökum saman, bæði þau sem starfi innan opinbera kerfisins og þau sem starfi í einkakerfinu. Nefndi hún sem dæmi samstarf opinbera kerfisins og Íslenskrar erfðagreiningar sem hefur, meðal annars, gert heilbrigðiskerfinu kleift að raðgreina sýni.



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir það vera hluta af Covid-faraldrinum að allir snúi bökum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Þetta er samt ekki lausn á mönnunarvandanum, heldur aðeins hluti af viðbragði sem við höfum gripið til áður.



Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans.

> Helstu aðgerðir á Klíníkinni eru magahjáveita, liðskipti hné, brjóstastækkun, fyrirbyggjandi brjóstnám, liðskipti mjöðm, svuntuaðgerðir, liðspeglun og fitusog.

„Við erum mjög ánægð með þetta,“ segir Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans, um fyrirkomulagið.

„Þetta er samt ekki lausn á mönnunarvandanum, heldur aðeins hluti af viðbragði sem við höfum gripið til áður. Þetta eru aðilar sem við þekkjum og þekkja okkar starfsemi. Við höfum áður verið í samstarfi við þá í faraldrinum og gerum það núna aftur.“

Anna segir gríðarlegan skort vera á sérhæfðu starfsfólki eins og er á gjörgæslunni. Landspítalinn glími við sama vanda og aðrir um allan heim.

„Þegar maður er með kerfi sem keyrir á hundrað prósent afköstum alla daga gefur auga leið að þegar krafan um afköst verður meiri, eins og í heimsfaraldri, verður að vera hægt að bæta hratt og örugglega við. Þá er gott að eiga svona ágæta samstarfsaðila,“ segir Anna Sigrún. ■






19|08 FIMMTUDAGUR KL.20:00

20|08 FÖSTUDAGUR KL.20:00

21|08 LAUGARDAGUR KL.17:00

# NýKlassík & Sinfó

Sinfóníuhljómsveit Íslands á stefnumót við marga af vinsælustu tónlistarmönnum landsins á tónleikum í Eldborg. Bríet, Cell7, Flóni, GDRN, Joey Christ, JóiPé og Króli, Logi Pedro, Reykjavíkurdætur og Unnsteinn flytja lög sín í nýjum órafmögnuðum útsetningum. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.

Við leggjum áherslu á ábyrgt viðburðahald og fylgjum ávallt gildandi sóttvarnareglum. Sætaframboð er takmarkað og því gott að tryggja sér miða sem fyrst á **sinfonia.is**

Miðasala
**sinfonia.is**
**harpa.is**

# Biden stendur við ákvörðunina um brotthvarf frá Afganistan

thorgrimur@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** „Ég er afar hryggur yfir þeim staðreyndum sem við stöndum nú frammi fyrir, en ég sé ekki eftir ákvörðun minni um að binda enda á hernað Bandaríkjanna í Afganistan,“ sagði Joe Biden Bandaríkjaforseti í ávarpi til bandarísku þjóðarinnar í gærkvöldi. „Ég get ekki og mun ekki biðja hermenn okkar um að berjast endalaust í borgarastríði annars ríkis.“

Ávarpið var flutt vegna atburðarásarinnar í Afganistan, þar sem talíbanar hafa nú tekið völdin á ný í kjölfar brottflutnings bandarísks herafla frá landinu, sem Biden hafði skipað. Ríkisstjórn og stjórnarher afganska lýðveldisins hrundu á aðeins um tíu dögum í leiftursókn talíbana, sem komu inn í Kabúl á sunnudaginn.

Biden viðurkenndi að það hafi komið stjórn hans á óvart hversu hratt talíbanar tóku yfir landið. Um leið taldi hann þetta þó til marks um tilgangsleysi þess að hafa bandaríska hermenn áfram í landinu. „Það væri rangt að skipa bandarískum hermönnum að berjast þegar sjálfur her Afganistan vill ekki gera það.“



Biden var þungur á brún en kvað ákvörðunina rétta. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Forsetinn tók fram að Bandaríkin myndu svara fyrir sig ef talíbanar réðust á bandaríska hermenn og lofaði því að Bandaríkin myndu áfram reyna að hafa áhrif á gang mála í Afganistan með diplómatískum leiðum. „Ég veit að ákvörðun mín verður gagnrýnd, en ég vil frekar taka þeirri gagnrýni en að láta ákvörðunina ganga til enn annars forseta, þess fimmta,“ sagði Biden undir lok ræðunnar. ■



Ringulreið í Kabúl. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Dauðsföll í Kabúl

gar@frettabladid.is

**AFGANISTAN** Mikil örvænting ríkir í Kabúl, höfuðborg Afganistan, eftir innreið talíbana. Á flugvelli borgarinnar reyna íbúar að komast um borð í vélar sem eru á leið úr landi.

Bandarískir hermenn skutu tvo vopnaða menn á flugvellinum og BBC segir frá því að þrír hafi látist er þeir féllu undan flugvél skömmu eftir flugtak. Allt flug lá niðri á meðan hermenn reyndu að rýma brautirnar af fólki. Erlend ríki keppast við að koma sínu fólki úr landi. ■

## Frakkar senda hervélar til Kabúl

thorgrimur@frettabladid.is

**FRAKKLAND** „Afganistan má ekki aftur verða sá griðastaður fyrir hryðjuverkastarfsemi sem það var áður fyrr,“ sagði Emmanuel Macron Frakklandsforseti í ávarpi til frönsku þjóðarinnar í gærkvöld.

Sagði Macron það vera „skyldu og sæmd“ frönsku þjóðarinnar að vernda Afgani sem hefðu komið henni til hjálpar og standa nú í skotlínu talíbana. Tvær herflugvélar hefðu verið sendar til Kabúl ásamt frönskum sérsveitum til forða frönskum ríkisborgurum og samstarfsmönnum þeirra frá landinu. ■

# Konur eru augljós skotmörk talíbana

**Talíbanar hafa lagt undir sig Kabúl, höfuðborg Afganistan, og hafa nú náð undir sig meirihluta landsins í leiftursókn sem kom ríkisstjórn Ashraf Ghani í opna skjöldu sem og Bandaríkjamönnum.**

thorvaldur@frettabladid.is



Afganskar konur ganga fram hjá auglýsingu fyrir snyrtistofu í Kabúl. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**AFGANISTAN** Mikið öngþveiti myndaðist á alþjóðaflugvellinum í Kabúl er þúsundir Afgana reyndu að komast um borð í síðustu flugvélarnar á leið úr landi áður en borgin féll fyrir talíbönum.

„Það er algjör örtröð og öngþveiti á alþjóðaflugvellinum og fólk er bara að reyna að komast í burtu,“ segir öryggis- og varnarmálafræðingurinn Brynja Huld Óskarsdóttir, sem starfaði í Kabúl á vegum Atlantshafsbandalagsins frá 2018-2019.

Myndbönd, sem dreift hefur verið á samfélagsmiðlum, sýna fólk klifra utan á landgöngubrú og hlaupa á eftir bandarískri herflugvél sem er við það að taka á loft í örvæntingarfullri tilraun til að komast um borð.

Annað myndband virðist sýna þrjá einstaklinga hrapa til jarðar neðan úr herflugvél en talið er að þeir hafi reynt að halda sér í botn flugvélarinnar með fyrrnefndum afleiðingum.

Brynja er í stöðugu sambandi við fyrrum kollega sína og vini í Afganistan, sem eru um þessar mundir að leita allra leiða til að komast úr landi. Hún segist sjálf vera að hjálpa þremur afgönskum konum sem unnu með henni í Kabúl að komast í flug og ætlar að beita sér fyrir því að hjálpa þeim að sækja um hæli á Íslandi.

„Ég held að við upplifum öll svolítið að okkur rennur blóðið til skyldunnar. Það eru bara allir að reyna að gera eitthvað til að hjálpa. Maður er að fá skilaboð frá ótrúlegasta fólki, frá kaffisalanum eða einhverjum sem vann í búð sem maður hafði farið í og hefur einhvern veginn tengst manni á Messenger. Fólk sem er að reyna að komast til Tyrklands eða til Pakistan, það eru allir bara að reyna að finna einhverja leið út,“ segir Brynja.

> ” **Það er enginn að fara aftur inn núna til að taka borgina með valdi, það myndi bara enda með blóðbaði.**



Brynja Huld Óskarsdóttir, öryggis- og varnarmálafræðingur.

Að sögn Brynju hefur hún mestar áhyggjur af stöðu kvenna í kjölfar yfirtöku talíbana. Réttindi kvenna í Afganistan voru mjög takmörkuð þegar þeir réðu síðast ríkjum í landinu frá 1996-2001. Hún segist vona að Ísland sýni ábyrgð í verki enda sé tekið skýrt fram í íslenskri utanríkisstefnu að ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1.325 um konur, frið og öryggi sé hornsteinn í stefnunni.

„Við Vesturlönd, NATO og fleiri, erum búin að vera að aðstoða við að koma sjónarmiðum kvenna á framfæri og halda uppi því sem mætti lýsa sem vestrænum hugmyndum um kvenréttindi. Svo núna vakna þær við þann raunveruleika að þær eru undir stjórn talíbana og búnar að berjast fyrir kvenréttindum í tuttugu ár. Þær eru náttúrlega bara í gífurlegri hættu og eru mjög augljóst skotmark fyrir talíbana sem vilja alls ekki að konur séu í leiðtogastöðum eða opinberum stöðum,“ segir Brynja.

Þá segir hún mynd sem birt var af TOLOnews, helstu sjónvarpsstöð Afganistan, sem sýnir eigendur snyrtistofu í Kabúl í óða önn við að mála yfir auglýsingamyndir af konum, vera mjög lýsandi fyrir ástandið þar sem í raun sé verið að „afmá konur úr almenna rýminu“.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fundaði í gær. Brynja telur ekki að vestræn ríki aðhafist mikið.

„Það er ótrúlega lítið, held ég, eins og þetta horfir, sem hægt er að gera nú þegar vestræn öfl eru farin. Bandaríkjaher fór og þar með þurftu allir aðrir að fara og talíbanar eru búnir að taka yfir borgina. Ég sé ekki hvernig til dæmis Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna, sem er skipað Bandaríkjunum, Bretlandi, Kína, Frakklandi og Rússlandi, ættu að ákveða að fara aftur inn. Það er enginn að fara aftur inn núna til að taka borgina með valdi, það myndi bara enda með blóðbaði.“ ■


APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 9.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 17.30 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is



Nýtt heyrnartæki frá Beltone
Beltone Imagine™
Því barnabörnin hafa frá svo mörgu að segja
Hágæða heyrnartækin frá Beltone Imagine™ geta valdið straumhvörfum í lífi þínu og þinna. Njóttu þess að heyra betur með nýrri kynslóð heyrnartækja sem skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Þú tengist fólkinu þínu betur þegar þú leggur við hlustir með Beltone Imagine™. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

# Konurnar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Allt í einu hverfa konurnar af götunum. Nú eru þar einungis karlmenn. Konurnar hafa forðað sér heim, þar sem þær vonast til að eiga skjól. Þær lifa í von en engri vissu um öryggi sitt.

Líf kvenna í Afganistan verður ekki eins og áður. Lög og reglur talíbana munu sjá til þess. Eitt fyrsta verk talíbana þegar þeir héldu innreið sína í Kabúl var að mála yfir veggmyndir af konum. Konur eiga að verða ósýnilegar og mega teljast heppnar fái þær að halda lífi.

Stríðinu í Afganistan lýkur nú með sigri talíbana og ósigri mannréttinda. Lítil von er til þess að herir Bandaríkjanna og bandamanna þeirra snúi aftur til Afganistan til að frelsa landsmenn. Bandaríkjamenn hafa státað af því að vera gæslumenn mannréttinda í heiminum og sérstakir unnendur kvenréttinda eftir að Kamala Harris varð fyrsti kvenvaraforseti þjóðarinnar. Samt er engin nenna til að standa með konum í Afganistan. Þær ættu þó að vera þess virði að fyrir þær sé barist.

Grimm örlög blasa nú við mörgum Afgönum. Einhverjum mun takast að flýja land. Það er skylda okkar að rétta þeim hjálparhönd. ■

> „Þær ættu þó að vera þess virði að fyrir þær sé barist.

## Víkingur á Proms

Víkingur Heiðar Ólafsson lék á The Proms í Royal Albert Hall síðastliðinn laugardag. Þar spilaði hann Bach og Mozart og heillaði mörg þúsund tónleikagesta upp úr skónum. Hann var klappaður upp til að leika aukalag. Sá flutningur var svo glæsilegur að ekki var annað hægt en að grípa andann á lofti.

Sumir gesta voru með grímur, aðrir ekki. Sem sagt frjálst val, eins og á að vera í lýðræðisríkjum.

BBC4 sjónvarpsstöðin var með tónleikana á dagskrá sinni síðastliðið sunnudagskvöld. Allra best hefði verið að fá að vera í salnum sjálfum en það var ekki í boði. Sjónvarpsáhorfið var þó vitanlega verulega dásamlegt. Þegar Víkingur spilar þá gefur hann svo mikið af sér að áheyrendur verða nánast fyrir uppljómun. Það sýndi sig svo sannarlega á þessum tónleikum í Albert Hall. Þá skipti ekki svo miklu máli hvort setið var í salnum eða í sófanum heima. ■




## Halldór




## Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

**Björninn heim**
Stærsta pólitíska deilumálið í dag er hvers vegna allt sé í tjóni á gjörgæsludeild Landspítalans. Er það vegna óstjórnar eða peningaleysis? Umræðan var farin að halla í átt að peningaleysi, milli línanna mátti svo lesa gagnrýni á hvernig ríkið verðmetur störf framlínustarfsmanna. Í gær varpaði Björn Zoëga, fyrrverandi forstjóri spítalans, sprengju inn í umræðuna með tali um aukna framlegð á sínum spítala í Svíþjóð þrátt fyrir mikinn niðurskurð. Hitt liðið þarf að svara þessu ef það á ekki að verða kosningaloforð annars hvers stjórnmálaflokks að sækja Björn til Svíþjóðar.

**Eineygður**
Það gerist margt bak við tjöldin sem verður að flökkusögum ef frásögnin er ekki skrásett á meðan minnið er ferskt. Orð og gjörðir Kára Stefánssonar eru fyrir löngu orðin efni í bók. Ein uppákoma átti sér stað áður en myndavélin fór að rúlla þegar Kári var gestur Sigurjóns M. Egilssonar í þættinum Heima er bezt sem sýndur var í gærkvöldi. Kári átti að setjast í sæti viðmælanda en þverneitaði. Vildi hann fá sætið hans Sigurjóns. Án þess að gefa of mikið í skyn að Kári væri að frekjast spurði Sigurjón á hverju stæði, fékk hann þá svarið: „Ég er eineygður, ég verð að geta séð þig, maður!“ ■

# Styðjum Afgana



Rósa Björk Brynjólfsdóttir
þingkona Samfylkingarinnar og fyrrv. varaformaður Flóttamannanefndar Evrópuráðsþingsins.

Mikil óvissa ríkir í Afganistan og algjört áfall að talíbanar hafi lagt landið undir sig.

Eins og í öllum stríðum hafa átökin síðustu 20 ár bitnað mest á saklausum íbúum landsins. Konur og börn eru 80% þeirra tæplega 3 milljóna Afgana sem hafa flúið heimili sín frá því stríðið hófst. Fjöldi Afgana sem flýja til Evrópu hefur vaxið mikið og sérstaklega afganskra barna á flótta.

Þátttaka Íslands í Afganistan var ein umfangsmesta aðkoma okkar að verkefni öryggismála, endurreisnar og eflingu stjórnarfars í erlendu ríki. Landið er eitt af okkar áherslulöndum í þróunarsamvinnu og áherslan á stuðning við afganskar konur og jafnréttismál.

Vegna stuðnings íslenskra stjórnvalda við innrásina í Afganistan og þátttöku í friðargæslu, berum við ábyrgð og skyldu til að sýna Afgönum stuðning. Ekki bara af því að það er hluti af okkar skyldum á alþjóðavettvangi, heldur af því við tókum þátt í því að byggja landið upp eftir stríðsátök.

Nú þegar bæði félagsmálaráðherra og forsætisráðherra hafa lýst því yfir að skoða þurfi nánar móttöku afganskra flóttamanna, þá er rétt að minna á að þessir ráðherrar lofuðu 2019 að taka á móti viðkvæmum hópum afganskra flóttamanna en þau loforð hafa ekki raungerst. Eins og loforð sömu ráðherra um móttöku barna á flótta í Moria-flóttamannabúðunum sem brunnu til grunna á síðasta ári. Ekkert hefur spurst til þeirra flóttabarna næstum ári síðar. Trúverðugleikinn í málefnum flóttafólks er því ekki mikill.

Við þurfum að ákveða strax hvers konar stuðningur gagnast Afgönum í neyð sem okkur ber að styðja við, til dæmis móttaka kvenna og barna og samstarfsfólks Íslendinga í Afganistan. Við verðum að vinna þétt með hinum Norðurlöndunum, Flóttamannastofnun S.Þ., ESB og taka virkan þátt í umræðum á vettvangi NATO, hjá Sameinuðu þjóðunum og í Mannréttindaráði S.Þ.

Setjum núna sérstakan fókus á málefni flóttamanna frá Afganistan og ákveðum strax að setja umsóknir Afgana sem hafa sótt um hæli hér á landi í forgang.

Styðjum Afgana út frá ábyrgð okkar og reynslu. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is,*
**FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is,* Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ekki girt fyrir aðgerðir í loftslagsmálum í stjórnarskránni



**Aðalheiður Jóhannsdóttir,**
prófessor í umhverfisrétti við Háskóla Íslands.



**Kári Hólmar Ragnarsson,**
lektor í þjóðarétti og mannréttindum við Háskóla Íslands.



**Víðir Smári Petersen,**
dósent í eignarétti við Háskóla Íslands.

Í kjölfar útgáfu nýrrar skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) er orðið mál manna að enginn vafi leiki á því að athafnir mannsins eru meginþátturinn í neikvæðri þróun loftslagsmála. Þó er ekki of seint að grípa til aðgerða sem geta forðað mannkyninu frá því tjóni sem er yfirvofandi.

Þótt það sé að sjálfsögðu eftirsóknarvert að stuðla að hugarfarsbreytingu með því að hvetja fólk og fyrirtæki í átt að æskilegri hegðun, er líklegt að slíkar aðferðir skili of seint raunverulegum árangri og séu þess vegna óskilvirkar. Þjóðríki heims kunna því að þurfa að grípa til einbeittari og hnitmiðaðri aðgerða en áður, t.d. í formi breyttra hátternisreglna og aukinna takmarkana. Slíkar aðgerðir geta eftir atvikum haft neikvæð áhrif á afkomu og rekstur fyrirtækja.

Þegar gripið er til slíkra aðgerða kunna stjórnmálamenn, og aðrir sem koma að því að móta stefnu Íslands í umhverfismálum, að velta fyrir sér hvort gengið sé of harkalega fram gagnvart stjórnarskrárvörðum réttindum þeirra sem í hlut eiga. Eignarrétturinn er lýstur friðhelgur í stjórnarskrá og ríkið þarf að greiða „fullt verð“ til þeirra sem þola þurfa eignarnám, eða ígildi þess. Þá er atvinnufrelsi verndað í stjórnarskránni, þ.e. öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa.

> ”
> **Stjórnarskrárvernd eignar- og atvinnuréttinda snýst ekki um að gera handhafa réttindanna ósnertanlega.**

Þeir sem fyrir skerðingum verða vegna mögulegra aðgerða stjórnvalda gætu haft uppi mótmæli á grundvelli umræddra stjórnarskrárákvæða og jafnvel hótað háum bótakröfum. Ef háar bótakröfur eru yfirvofandi kunna þeir sem koma að stefnumótun, löggjafarstarfi eða undirbúningi einstakra ákvarðana að veigra sér við því að samþykkja nauðsynlegar aðgerðir, t.d. af ótta við að skera þurfi niður í almannaþjónustu til að mæta mögulegum bótagreiðslum.

Hér er ekki verið að mæla með því að grípa til neinna sérstakra aðgerða og óvíst er á þessari stundu hvernig best er fyrir Ísland að bregðast við hinni nýju skýrslu, en við viljum með greininni draga athyglina að því sjónarmiði hvort líklegt sé að til bótaskyldu komi vegna aðgerða sem stuðla að viðbrögðum við neikvæðri þróun loftslagsmála. Samkvæmt stjórnarskránni má takmarka atvinnufrelsi með lögum ef almannahagsmunir krefjast þess. Þá er eignarrétturinn hvorki ósnertanlegur né ónæmur fyrir nauðsynlegum samfélagslegum breytingum. Hæstiréttur hefur t.d. gengið nokkuð langt í að líta á skerðingar á eignarrétti sem almennar takmarkanir, sem eigandi verður að þola bótalaust. Þá hefur rétturinn talið, m.a. í svokölluðum neyðarlagamálum, að játa verði löggjafanum ríkt svigrúm við mat á því hvaða leiðir eru farnar til að bregðast við flóknu og hættulegu ástandi. Í því tilviki var hið hættulega ástand efnahagshrunið 2008, en færa má gild rök fyrir því að neyðarástand vofi yfir vegna stöðunnar í loftslagsmálum.

Á svipuðum forsendum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu við tilteknar aðstæður talið lágar bætur réttlætanlegar og jafnvel talið bótagreiðslur óþarfar ef eignasviptingar eru nauðsynlegar til að stuðla að breytingum á samfélagsgerð eða félagslegu réttlæti. Þá er svigrúm ríkja til skerðinga á mannréttindum meira í neyðarástandi. Þessu til viðbótar hafa sumir dómstólar í Evrópu og víðar túlkað stjórnarskrárbundin réttindi þannig að stjórnvöldum sé skylt að grípa til metnaðarfyllri aðgerða á sviði loftslagsmála. Þekktustu dæmin eru frá Hæstarétti Hollands (2019) og Stjórnskipunardómstól Þýskalands (2021).

Stjórnarskrárvernd eignar- og atvinnuréttinda snýst ekki um að gera handhafa réttindanna ósnertanlega. Aðgerðir sem stuðla að raunverulegum árangri á sviði loftslagsmála verða að hvíla á lagaheimild, byggja á málefnalegum sjónarmiðum og takmarkast við það sem nauðsynlegt er, þ.e. uppfylla kröfur um meðalhóf. Þetta hefur í för með sér að íþyngjandi aðgerðir verða að endurspegla vísindalega þekkingu og ígrundaðar áætlanir, og ekki má ganga lengra í takmörkun á atvinnufrelsi og eignarrétti manna en nauðsynlegt er til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Grunnstef meginreglunnar um meðalhóf er að eftir því sem almannahagsmunir eru ríkari er líklegra að takmarkanir á stjórnarskrárvörðum réttindum séu réttlætanlegar. Þá þurfa aðgerðir af þessum toga að fá ítarlega lýðræðislega umræðu á grundvelli faglegrar valkostagreiningar.

Séu þessi grunnsjónarmið um málsmeðferð og meðalhóf höfð í heiðri er svigrúm íslenska ríkisins talsvert þegar kemur að því að meta hvaða aðgerðir eru nauðsynlegar til að bregðast við loftslagsvánni. Okkar framlag til umræðunnar er að benda á að eignarréttur og atvinnufrelsi eru ekki eins mikil fyrirstaða og fólk kynni að ætla. Ofmat á stjórnskipulegri vernd eignarréttarins þarf því ekki að lita umræðuna, en að sjálfsögðu þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig. ■




Hlynur á Íslandsmetið í maraþoni.

## Hlynur kominn á EM utanhúss

kristinnpall@frettabladid.is

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Hlauparinn Hlynur Andrésson er búinn að tryggja sér þátttökurétt á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem fram fer í München næsta sumar. Lágmörk voru gefin út fyrir EM í gær og var Hlynur eini Íslendingurinn sem var búinn að standast lágmörkin.

Hlynur bætti Íslandsmetið í fyrsta maraþonhlaupi sínu á þessu ári þegar hann kom í mark á 2:13:37. Þetta er í fyrsta sinn sem Hlynur öðlast þátttökurétt á EM utanhúss en hann hefur keppt í 3.000 metra hlaupi á EM innanhúss.

Þónokkrir Íslendingar eru við lágmörkin en Guðni Valur Guðnason, sem keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum, hefur þegar kastað lengra en lágmörkin á þessu ári en ekki innan viðmiðunartímabilsins. Lágmörkin eru töluvert strangari en áður og geta frjálsíþróttamenn öðlast þátttökurétt með því að ná lágmarki á tilteknu tímabili eða vegna stöðu á heimslista. Staða á heimslista skýrist ekki fyrr en skömmu fyrir meistaramótið. ■

## Flautukarfa réði úrslitum í tapi

kristinnpall@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í körfubolta þurfti að sætta sig við afar svekkjandi 80-82 tap gegn Svartfjallalandi þar sem sigurkarfan kom þegar lokaflautið gall í forkeppni fyrir undankeppni HM 2023 í gær. Íslenska liðið leikur lokaleik sinn gegn Dönum í dag þar sem sigur fleytir Íslandi áfram á næsta stig þar sem tvö efstu lið riðilsins fara áfram.

Íslenska liðið leiddi stærstan hluta leiksins og var með tíu stiga forskot fyrir lokaleikhlutann en það dugði ekki til. Heimamenn náðu að jafna metin á lokamínútunni og tryggja sér sigurinn á lokasekúndu leiksins þegar lokaflautið gall. ■

# Skoða lóðaúthlutun fyrir nýja íþróttamiðstöð

Sveitarstjórn Múlaþings tekur fyrir tillögu um að úthluta Hetti stærðarinnar landsvæði til uppbyggingar íþróttasvæðis félagsins á næstunni. Formaður félagsins segir að ýmsar deildir innan félagsins þurfi á úrbótum á aðstöðu að halda.

kristinnpall@frettabladid.is

**AÐSTAÐA** Á dögunum samþykkti umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings að leggja til að svæði við Egilsstaðakirkju yrði ráðstafað sem framtíðaríþróttasvæði í aðalskipulagi næstu árin. Um er að ræða svæði sem Höttur, íþróttafélagið á Egilsstöðum, hefur haft augastað á til uppbyggingar sem framtíðarsvæði félagsins. Tillagan hefur einnig fengið meðmæli hjá byggðaráði en næsta skref er að sveitarstjórn taki málið fyrir. Við mótun hugmyndanna verður horft til þeirra hugmynda sem fulltrúar félagsins hafa lagt fram fyrir sveitarfélagið.

„Við erum ekki búin að festa neinar hugmyndir en það yrði frábært að fá svæði úthlutað til frekari uppbyggingar á íþróttamannvirkjum fyrir félagið. Það eru ýmsar deildir innan félagsins sem þurfa á úrbótum að halda,“ segir Lísa Leifsdóttir, formaður Hattar, aðspurð um beiðnina. Svæðið sem um ræðir er við íþróttahús bæjarins.

„Fyrsta markmiðið er að þetta svæði verði eyrnamerkt til íþróttauppbyggingar. Svo gætum við farið að skoða hvernig hægt væri að nota þetta í samstarfi við bæjaryfirvöld. Með þessu erum við að reyna að bæta aðstöðuna til lengri tíma og horfum áratugi fram í tímann, enda er bæjarfélagið sífellt að stækka.“

Á síðasta ári var ný viðbygging við íþróttahúsið opnuð sem hefur strax sýnt fram á mikilvægi sitt.

„Félagið er með flott íþróttahús sem hefur reynst vel og í fyrra var tekið í notkun nýtt fjölnotahús sem nýtist sérstaklega vel fyrir fimleika- og frjálsíþróttadeildirnar. Það reyndist algjör bylting í aðstöðu félagsins og um leið fengu aðrar greinar meira rými inn sem gjörbreytti starfi félagsins. Það var unnið í samstarfi við bæjarfélagið og forverar mínir eiga hrós skilið,“ segir Lísa, sem tók við starfi formanns í vor.

„Við erum þrír aðilar sem fengum umboð hjá aðalstjórn Hattar til að kynna þessar hugmyndir fyrir sveitarfélaginu í kjölfar þess að við vorum að skoða framtíðarmöguleika fyrir knattspyrnudeildina til framtíðar. Það er ekki búið að samþykkja þetta af félaginu heldur er þetta fyrst og fremst til þess fallið að sýna fram á að svæðið hentaði til þeirrar uppbyggingar sem félagið horfir til en ekki tillaga að skipulagi eða hönnun svæðisins,“ segir Unnar Erlingsson, einn þeirra sem lögðu hugmyndirnar fyrir sveitarfélagið.


Svæðið sem um ræðir er nálægt íþróttaheimili Hattar en gæti einnig nýst menntaskólanum. MYND/AÐSEND

> Við erum ekki búin að festa neinar hugmyndir en það yrði frábært að fá svæði úthlutað til frekari uppbyggingar á íþróttamannvirkjum fyrir félagið.
>
> Lísa Leifsdóttir, formaður Hattar.


Hugmynd að nýtingu svæðisins sem unnin var af nefndinni og lögð fyrir umhverfis- og framkvæmdaráð og byggðaráð Múlaþings. MYND/AÐSEND

„Það er enn fjölmargt sem þyrfti að vinna að en okkar á milli höfðum við orð á því að í tilefni fimmtugsafmælis félagsins árið 2024 væri gaman að marka tímamótin með slíkum framkvæmdum. Hvort sem það væri með skóflustungu eða fyrsta áfanga nýrrar íþróttamiðstöðvar á Egilsstöðum,“ segir Unnar og tekur undir að með gerð Fjarðarheiðarganga yrði um leið að ræða byltingu fyrir íbúa Seyðisfjarðar í íþróttaiðkun, í kjölfar þess að knattspyrnuvöllurinn á Seyðisfirði þurfti að víkja vegna uppbyggingar íbúða þar sem völlurinn stóð áður.

„Fyrir okkur á landsbyggðinni eru þrettán kílómetrar ekki langt. Ef þessir þrettán kílómetrar eru í gegnum göng er þetta bara stutt ferðalag,“ segir Unnar léttur í lund. „Þess skal þó getið að enn er líklega áratugur þar til sá áfangi verður að veruleika.“

Samkvæmt hugmyndunum sem kynntar voru fyrir sveitarfélaginu er um að ræða íþróttamiðstöð með aðstöðu fyrir fjölmargar íþróttir ásamt knatthúsi sem myndi nýtast öðrum íþróttagreinum.

„Það er ljóst að hvorki svæðið við Fellavöll í Fellabæ, né Vilhjálmsvöll á Egilsstöðum bjóða upp á mikla stækkunarmöguleika til framtíðar litið. Auk þess sem það er augljós kostur að hafa íþróttafélagið með aðalaðstöðu á einum og sama staðnum. Því varð úr að við lögðum fram tillögur um að fá bæjaryfirvöld til að gera breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og tryggja Hetti svæði til framtíðaruppbyggingar félagsins. Það er staðsett nálægt núverandi íþróttamiðstöð og nýbyggðu fimleikahúsi félagsins og við hliðina á menntaskólanum og býður þannig upp á samnýtingu með skólum bæjarins og heilsustofnunum,“ segir Unnar og bætir við að þessi staðsetning sé nokkuð miðsvæðis þegar tekið sé mið af Egilsstöðum og Fellabæ.

„Á þessu svæði eru miklir möguleikar fyrir félagið til framtíðar litið og spennandi að leyfa sér að hugsa stórt og langt fram í tímann enda íþróttafélagið og sveitarfélagið allt í miklum vexti. Nú tekur vonandi við spennandi tími við nánari útfærslu á þessum hugmyndum með aðkomu allra sem að málinu standa.“ ■

# Freista þess að komast á næsta stig Meistaradeildar Evrópu

hjorvaro@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Valur hefur í dag leik í undankeppni Meistaradeildar kvenna í fótbolta þegar liðið mætir þýska liðinu Hoffenheim á Stadion Letzigrund í Zürich í Sviss klukkan 12.00 að íslenskum tíma. Fari Valur með sigur af hólmi í þessum leik mætir Hlíðarendafélagið annaðhvort Zürich Frauen frá Sviss eða Guðnýju Árnadóttur og liðsfélögum hennar hjá ítalska liðinu AC Milan í umspilsleik um sæti í næsta stigi undankeppninnar.

„Leikurinn leggst gríðarlega vel í okkur, Hoffenheim er klárlega sterkari mótherji heldur en liðin sem við spiluðum við í fyrra,“ segir Eiður Ben Eiríksson, aðstoðarþjálfari Vals, um komandi verkefni. „Við höfum notað síðustu daga til að jafna okkur eftir síðasta leik og er því aðdragandinn fram að leik stuttur,“ segir Eiður Ben, en Valur lagði Breiðablik að velli í toppslag Pepsi Max-deildarinnar á föstudaginn.

„Leikurinn leggst vel í hópinn, allir leikmenn eru klárir í verkefnið og það er fyrst og fremst spenningur að brjóta sumarið upp og fá tækifæri til að spila gegn aðeins öðruvísi mótherja en við eigum að venjast heima,“ segir hann enn fremur.

Breiðablik mætir svo KÍ frá Færeyjum á morgun klukkan 09.00 að íslenskum tíma en sá leikur verður spilaður á Siauliai central stadium í Litháen. Sigurliðið í þeim leik mætir svo FC Gintra frá Litháen eða FC Flora Tallinn frá Eistlandi í leik um að komast áfram á næsta stig.


Tvö efstu lið Íslandsmótsins leika á erlendri grundu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá mætast Barbára Sól Gísladóttir og samherjar hennar hjá Bröndby Íslendingafélaginu Kristianstad, með Sif Atladóttur og Sveindísi Jane Jónsdóttur innanborðs og Elísabetu Gunnarsdóttur í brúnni, á morgun. María Ólafsdóttir Gros, sem er nýlega gengin til liðs við Celtic, verður svo mögulega í eldlínunni með skoska liðinu þegar það etur kappi við Levante.

Valerenga, lið Ingibjargar Sigurðardóttur og Amöndu Andradóttur, etur síðan kappi við Mitrovica. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 17. ágúst 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



Rósin Skotta er gullfallegt rósayrki sem varð til í Grasagarðinum.

## Rósir og öldungar

thordisg@frettabladid.is

Öldungarnir í safninu er skemmtileg fræðsluganga sem farin verður í tilefni 60 ára afmælis Grasagarðs Reykjavíkur á morgun, miðvikudaginn 18. ágúst, klukkan 20.

Grasagarður Reykjavíkur var stofnaður á 175 ára afmæli Reykjavíkurborgar, þann 18. ágúst árið 1961, og er gangan því farin á sjálfan afmælisdaginn. Grasagarðurinn er lifandi safn undir berum himni og hlutverk hans að varðveita og skrá plöntur til fræðslu, rannsókna og yndisauka. Í honum eru varðveittir um 5.000 safngripir af um 3.000 tegundum og er plöntunum komið fyrir í átta safndeildum sem gefa hugmynd um fjölbreytni gróðurs í tempraða beltinu nyrðra.

**Rósirnar Skotta og Katrín Viðar**
Á göngunni verður fjallað um sögu Grasagarðsins, áhugaverðir öldungar í safnkostinum skoðaðir og litið til tengsla safnsins við garðmenningu og ræktun á Íslandi. Í Grasagarðinum hafa orðið til ný yrki plantna, svo sem rósirnar Skotta og Katrín Viðar.

Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, og Björk Þorleifsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Grasagarðinum, sjá um leiðsögnina sem hefst við aðalinngang garðsins.

Fræðslan fer fram utandyra og eru gestir vinsamlegast beðnir um að gæta að einstaklingsbundnum sóttvörnum og eins metra regluna.

Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. ■

TARAMAR



HEALING TREATMENT
Græðir brennda húð
www.taramar.is



Björn Jóhannsson er landslagsarkitekt hjá Urban Beat og afar reynslumikill þegar kemur að skjólsælum og skemmtilegum görðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Dýrmætt að hafa notalegt skjól til að njóta í draumagarðinum

Við hönnun garða er brýnt að gera ráð fyrir svæðum sem gera þá skjólríka. Björn Jóhannsson landslagsarkitekt hefur áratugareynslu í hönnun garða og eitt af því sem hann hefur ávallt haft að leiðarljósi við garðhönnun er góð og traust skjólmyndun. 2



Heiti potturinn er hér í skoti sem nýtur skjóls frá garðhúsi og skjólveggjum.



Hér hjálpar þéttur gróðurinn til við að mynda skjól í garðinum.



Sólríkt dvalarsvæði þar sem notalegt er að sitja og borða saman.



Pergóla veitir hér skjól til þess að borða úti og heiti potturinn hvílir í skjóli við girðingu.



Hér er útieldhús í skjóli upp við smáhýsi og þakið teygt yfir það. Gróðurinn og grjóthleðslan veita einnig gott skjól.



Hér má sjá hvernig bekkur og útieldhús fá skjól frá viðarveggjum og pergólu.



Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

„Ég segi stundum að ég sé móðursjúkur þegar kemur að skjólmyndun í görðum. Þetta er gjarnan það fyrsta sem ég skoða þegar ég er að kíkja á nýtt verkefni, hvar sólin skín á mismunandi tímum dags og hvernig hægt er að mynda skjól á þessum svæðum.

Ef ekki er hægt að auka skjólið með góðri hönnun myndi ég ráðleggja íbúunum að flytja og finna hús á skjólbetri stað,“ segir Björn sem þekkir vel til veðursins sem hér á landi þarf að taka tillit til. Ísland er eitt vindasamasta land heims. Logn er því veður sem varir stutt og öll sólbaðsiðkun háð því að finna eða skapa skjólgóða staði.

„Þessir staðir þurfa líka að snúa þannig að sólin eigi gott með að skína á þá. Þannig er það samspil skjólmyndunar og sólargangs sem skipta mestu máli fyrir útivistariðkun á sólardögum.“

### Húsið mikilvægasti skjólgjafinn

„Á hverju landsvæði eru svokallaðar ríkjandi vindáttir. Þetta eru áttir sem vindurinn blæs oftast úr. Ríkjandi vindáttir geta verið mismunandi eftir árstíðum og einnig tíma dags. Sumum vindáttum fylgir rigning eða væta en öðrum þurrt og bjart veður. Þetta er breytilegt eftir landshlutum og afstöðu fjalla. Þannig hefur Esjan þau áhrif að þegar norðaustanátt er yfir landinu geta verið austan-, norðaustan-, norðan- eða norðvestanáttir, allt eftir því hvar á höfuðborgarsvæðinu maður er staddur. Á suðvesturhorni landsins er algengasta áttin suðaustlæg. Hún er jafnframt ein sú vætusamasta.

Önnur mjög algeng átt er norðlæg og norðaustlæg. Norðlægum áttum fylgir yfirleitt bjart veður og sólskin. Þess vegna er mikilvægt að skýla fyrir þessum áttum þegar verið er að hanna útivistarsvæði í garðinum því útivistin er skemmtilegust í björtu og þurru veðri. Annar fylgifiskur staðbundinna vindátta eru trekkir á milli húsa en baráttan við þá getur verið erfið. Einn mikilvægasti skjólgjafinn í venjulegum garði er íbúðarhúsið sjálft. Lögun þess og hvernig það er staðsett á lóðinni geta orðið til þess að mynda mjög gott skjól eitt og sér. Þannig eru skot sem snúa í suðaustur heit á morgnana og skot sem snúa í suðvestur heit seinnipart dags og á kvöldin. Af þessum völdum geta óvæntir staðir við húsið verið mjög skjól- og sólríkir og þess vegna nýst ýmist til að drekka morgunkaffið eða fá sér miðnæturkokteilinn.“

### Hús geta magnað upp vind

Björn segir dæmi þess að í ákveðnum vindáttum magni afstaða og staðsetning húsa upp trekk.

„Þegar það gerist þarf að skoða þessa staði vel og athuga hvort hægt sé að beina trekknum frá setu- og sólbaðssvæðum.“

Það sem erfiðast sé að eiga við er þegar vindar blása ofan af þaki, en þá getur lega skjólveggja jafnvel magnað upp áhrif vindanna. „Besta leiðin til þess að nýta skjól sem húsið myndar er að nota skjólveggi sem beina vindinum utar í garðinn og gera að verkum að skjólsvæði við húsið verða stærri. Skjólveggir eru ýmist gerðir úr timbri, steypu eða hlaðnir. Í mörgum tilfellum er einnig hægt að notast við gróður eða hæðir og hóla,“ segir Björn.

### Skjól með tréveggjum er kúnst

Það fyrsta sem þarf að hafa í huga við myndun skjóls er hvernig vindur hagar sér.

> Einnig er hægt að setja upp til skrauts litlar vindhörpur sem mynda þýða tóna þegar vindurinn leikur um þær.

„Það skiptir miklu máli að átta sig á að við skrúfum ekki fyrir vindinn með því að setja upp skjól heldur erum við að beina honum annað. Sé settur upp veggur þvert á vindstefnu erum við ekki að stoppa vindinn því loftið í vindinum verður alltaf að fara eitthvert. Vindur lyftir sér yfir vegginn og smýgur framhjá honum. Þannig myndast skjólsvæði hlémegin við vegginn. Vindurinn hverfur ekki heldur þrýstir sér yfir vegginn og myndar skjólsvæði hlémegin við hann en að sama skapi er trekkurinn mjög sterkur efst á veggnum þar sem hann þrýstir sér yfir. Ef skjólveggir eru reistir án þess að hugsa áhrif þeirra til enda er alltaf hætta á að í sumum áttum verði til hvirflar. Þannig getur skjólveggur hlémegin við hús tekið á móti vindi frá þakinu og beint honum inn á dvalarsvæðið.“

Um staðsetningu og hæðir skjólveggja gilda ákveðnar reglur. Eigi veggir að verða hærri en 180 cm þarf að sækja um leyfi til byggingarfulltrúa. Að sama skapi þarf veggur í þeirri hámarkshæð að vera sem nemur hæðinni (í þessu tilfelli 180 cm) fyrir innan lóðamörk.

### Runnar geta myndað skjól

Þegar gróður er notaður til að mynda skjól er yfirleitt hugsað til lengri tíma.

„Þá þarf líka að spá í hvort verið sé að fá skjól allt árið eða bara yfir sumarið. Fljótlegasta leiðin til að fá skjól er að nota skógarplöntur eins og öl, víði eða birki en margar þeirra geta náð 1,5 til 2 metra hæð á fimm til tíu árum. Þar sem pláss er nóg og möguleiki á að bíða eftir að trén vaxi getur verið upplagt að nota sitkagreni eða blágreni. Þannig næst skjól allan ársins hring þar sem grenið heldur barrinu yfir vetrartímann,“ segir Björn.

### Hæðir og hólar skjólsælir staðir

Hæðir, hólar, brekkur, gjótur og lautir eru oft skjólsælir staðir í íslenskri náttúru.

„Því er upplagt að líkja eftir slíkum aðstæðum í görðum til að skapa skjól fyrir útivistarsvæði fjölskyldunnar.

Það má einnig nota þessa aðferð til að mynda skjól fyrir gróður og hraða með því vexti hans. Það er gömul hefð að gera skeifu úr jarðvegi til að mynda skjól. Þetta er áberandi við mörg af eldri sumarhúsum landsmanna. Þá hefur jarðvegi verið rutt upp í 1 til 2 metra háan ílangan, skeifulaga grasþakinn hól en slíkir hólar eru oft nefndar manir. Hóllinn er þannig í laginu að þægilegt er að leggjast í grasbrekkuna í innanverðri skeifunni. Algengast er að skeifurnar snúi mót suðri eða suðvestri þannig að sólin skíni vel á þær en veiti jafnframt skjól fyrir norðlægum áttum.

Til að auka skjólið jafnvel enn meir er hægt að lækka svæðið skjólmegin við mönina og útbúa þannig laut.“

Þótt aðalbaráttan snúist um að búa til skjól er vel þess virði að velta fyrir sér til hvers eigi að nýta vindasamari hluta garðsins, til dæmi staði þar sem vindur hefur magnast vegna staðsetninga skjólveggja. „Slíkur staður er upplagður fyrir þvottasnúrur því góður blástur er ómissandi til að þvotturinn þorni sem fyrst. Einnig er hægt að setja upp litlar vindmyllur til skrauts á þessa staði eða jafnvel vindhörpur sem mynda þýða tóna þegar vindurinn leikur um þær.“ ■

# Fasteignablaðið

33. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 17. ágúst 2021 FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN



Andri Sigurðsson Lögg. fast. og eigandi
Sigurður Samúelsson Lögg. fast. og eigandi
Sveinn Eyland Lögg. fast og eigandi
Þórey Ólafsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Júlíus Jóhannsson Lögg. fast. og eigandi
Monika Hjálmtýsdóttir Lögg. fast. og eigandi
Þórarinn Thorarensen Lögg. fast. og eigandi
Ingibjörg A. Jónsdóttir Löggiltur fast.
Eggert Maríuson Löggiltur fast.
Jón Óskar Löggiltur fast.
Guðrún D. Lúðvíksdóttir Löggiltur fast.
Ása Þöll Ragnarsdóttir Skjalavinnsla/móttaka
Emil Tumi Aðstoðarmaður fasteignasala
Herdís S. Jónsdóttir Aðstoðarmaður fasteignasala
Bryndís Bára Aðstoðarmaður fasteignasala

Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is

MIÐBORG fasteignasala

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubúin
-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali
Björn Þorri Viktorsson hrl. Löggiltur fasteigna- og skipasali
Sólveig Fríða Guðrúnardóttir Löggiltur fasteignasali og lögfræðingur

MIÐBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800
www.midborg.is

job
Finnum draumastarfið saman



Erum við
að leita **að þér?**




Íbúðin í Boðaþingi 12 er glæsileg og fyrir 55 ára og eldri. Stutt er í Heiðmörk, golf, sund, verslun og þjónustu.

# Björt íbúð við náttúruparadís

Heimili fasteignasala kynnir í einkasölu fallega og rúmgóða tveggja herbergja íbúð í Boðaþingi 12, Kópavogi. Íbúðin er á 2. hæð í góðu lyftuhúsi, hún er 78,7 fermetrar að stærð ásamt stæði í bílageymslu og 8,9 fermetra geymslu í kjallara; samtals 87,6 fermetrar. Út frá stofu eru 6,5 fermetra svalir. Þetta er íbúð fyrir 55 ára og eldri.

Komið er inn í flísalagt hol með góðum fataskápum. Á gangi innan íbúðar er þvottahús með flísum á gólfi. Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf með vönduðum innréttingum, borðplötu úr graníti, rúmgóðri sturtu og handklæðaofni.

Stofan er björt og rúmgóð með stórum gluggum, eikarparketi, granít-sólbekkjum og mjög góðu útsýni. Svefnherbergið er sömuleiðis rúmgott með eikarparketi, eikarskápum yfir heilan vegg og stórum gluggum til vesturs.



Eldhúsið er vandað, bjart og fallegt.



Úr sólstofunni er útgengt á svalir.

Eldhúsið er með fallegri eikarinnréttingu, borðplötu úr graníti og vönduðum tækjum. Flísar eru á gólfi og góður borðkrókur. Stór og björt sólstofa þaðan sem útgengt er á svalir til suðvesturs.

Í húsinu eru tvö stigahús með lyftu. Íbúðirnar eru glæsilegar, hannaðar með birtu og rými að leiðarljósi.

Um er að ræða skemmtilega skipulagt svæði sem myndar kjarna í kringum hjúkrunaríbúðir og miðstöð aldraða á vegum Kópavogsbæjar og Hrafnistu DAS. Í næsta nágrenni er afar fagurt umhverfi við Elliðavatn og gönguleiðir um Heiðmörk. Stutt er í golf, sund, verslun og aðra þjónustu.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigríður Lind Eyglóardóttir, löggiltur fasteignasali, í síma 899 4703 og netfanginu sigridur.lind@heimili.is.


heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

**Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.**
**Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.


**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

**Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is**
**Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali**
**Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali**


*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 2018










Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


**Sérbýli óskast í Garðabæ eða Kópavogi - 150-200 fermetra sérbýli í Garðabæ eða í Kópavogi óskast í skiptum fyrir 150 fermetra glæsilega efri hæð í lyftuhúsi með bílastæði í bílastæðahúsi.**

## Hofteigur 54




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 18.00

- 298,2 fm. einbýlishús "fjölskylduhús" við Hofteig, að meðtöldum 66,8 fm. tvöföldum bílskúr. Húsið stendur á 458,1 fm. glæsilegri afgirtri lóð með skjólsælli viðarverönd til suðurs með skjólveggjum, tyrfðum flötum, fallegum gróðri og stórri tvöfaldri innkeyrslu.
- Húsið er kjallari, hæð og ris og eru allar tengingar fyrir eldhúsum á öllum hæðum hússins þannig að hægt væri að gera þrjár íbúðir í húsinu ef vill. Baðherbergi eru á öllum hæðum hússins.
- Húsið sem er steinsteypt, byggt árið 1948, er steinsteypt. Þakjárn á húsi var endurnýjað árið 2006 og skipt hefur verið um flest alla glugga og gler í húsinu.

**Verð 134,9 millj.**

## Bæjargil – Garðabæ



- Glæsilegt og vel skipulagt 221,6 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á 495,0 fermetra gróinni og skjólsælli lóð í grónu hverfi við Bæjargil í Garðabæ.
- Eldhúsinnrétting og tæki eru ný og baðherbergi á efri hæð hússins er nýlega endurnýjað. Skipt hefur verið um hitaveituofna að stórum hlut og efri hæð hússins er nýmáluð.
- 5 svefnherbergi eru í húsinu og mögulegt væri að hafa þau 6 alls. Samliggjandi stofur, mjög rúmgóðar og bjartar með gluggum í þrjár áttir.
- Húsið er einangrað að utan og allt nýlega málað nema þakjárn. Ný hellulögð innkeyrsla með hitalögnum undir og ný hellulögð stétt fyrir framan húsið. Stór afgirt viðarverönd til suðurs og vesturs og stór tyrfð baklóð.

**Verð 144,9 millj.**

## Stangarholt 6 - 3ja herbergja íbúð auk kjallara




Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudagfrá kl. 17.00 – 17.30

- 110,7 fermetra 3ja herbergja hæð með tveimur útleigueiningum í kjallara með góðum leigutekjum við Stangarholt í Reykjavík.
- Eignin skiptist þannig að íbúð á hæð er 68,8 fermetrar og tvær útleigueiningar í kjallara með sameiginlegu baðherbergi og eldhúsi eru 41,9 fermetrar eða samtals eru þetta alls 110,7 fermetrar.
- Hæðin er falleg með rúmgóðri stofu, borðstofu, eldhúsi með eldri innréttingu, flísalögðu baðherbergi og rúmgóðu svefnherbergi.
- Lóð er frágengin og snyrtileg.

**Verð 57,9 millj.**

## Goðaborgir – 3ja herbergja endaíbúð.



- Björt og falleg 3ja herbergja 86,2 fermetra endaíbúð með gluggum í þrjár áttir og sérinngangi á útsýnisstað í Grafarvogi. Mjög stórt sér bílastæði fylgir íbúðinni og er það staðsett fyrir framan íbúðina og stendur eitt og sér.
- Öll gólfefni íbúðarinnar eru nýleg, innihurðir eru nýlakkaðar og með nýjum hurðahúnum, eldhúsinnrétting er nýlökkuð og handklæðaofn er nýr.
- Húsið að utan lítur vel út og er nýlega málað.
- 60 fermetra ný viðarverönd til suðurs með skjólveggjum.
- Frá verönd er útsýni út á sjóinn og að Esju.

**Verð 49,5 millj.**

## Spítalastígur 10 – Heil húseign.



- Mikið endurnýjuð heil húseign með þremur íbúðum auk byggingarréttar að einni íbúð ofan á húsið á horni Spítalastígs og Óðinstorgs.
- Byggingarrétturinn sem fylgir eigninni er að einni hæð og risi ofan á húsið úr álíka efnum, útliti og frágangi og núverandi hús.
- Húsið er timburhús á hlöðnum kjallara, byggt árið 1910. Húsið var mikið endurnýjað fyrir 20 árum síðan, m.a. skipt um allt gler og glugga, bárustál að utan að hluta, allar lagnir o.fl.
- Eitt sér bílastæði á lóð fylgir eigninni. Óðinsgata, Óðinstorg og hluti Spítalastígs eru öll endurnýjuð með hitalögnum undir götum og gangstéttum.

## Skúlagata 40B – Glæsileg íbúð á efstu hæð.




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Glæsileg 139,9 fermetra íbúð á 4. og efstu hæð í litlu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri við Skúlagötu. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu.
- Mikil lofthæð er í stofum. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Sjónvarpsstofa.
- Búið er að endurnýja innréttingu og tæki í eldhúsi ásamt innréttingu á baðherbergi. Hellulagðar svalir til austurs og suðurs.
- Góð aðkoma er frá Barónsstíg og næg bílastæði.

**Verð 79,9 millj.**

## „Penthouse" íbúð eða útsýnisíbúð ofarlega í húsi.

**ÓSKUM EFTIR**

Æskileg stærð
120 -150 fermetrar.

Stæði í bílageymslu skilyrði.

## Laugavegur 7- verslunarhúsnæði

**TIL SÖLU**

- Til sölu 171,2 fm. verslunarhúsnæði með góðum gluggum sem snúa út á Laugaveg.
- Húsnæðið skiptist í opið verslunarrými og lagerrými í kjallara með fullri lofthæð og útgengi á baklóð hússins.
- Sér bílastæði á baklóð.

## Stuðlaborg – Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar á www.105midborg.is

## Sumarhús við Meðalfellsvatn



- Nýlegur og virkilega vel staðsettur 66,6 fermetra sumarbústaður við Meðalfellsvatn í Kjós auk 12,0 fermetra gestahúss og um 6,0 fermetra vinnuskúrs, samtals 84,6 fermetrar.
- Húsið er byggt árið 2007. Aukin lofthæð er í eldhúsi og stofu hússins. Stórar og vandaðar viðarverandir til suðurs, vesturs og austurs með rafmagnspotti á.
- Lóðin er 1.900 fermetra leigulóð með hliði við innkeyrslu. Hitaveita er komin að lóðarmörkum en á eftir að taka hana inn í húsið. Staðsetning eignarinnar er við vesturenda Meðalfellsvatns og nýtur sólar allan daginn á lóðinni. Aðkoma að húsinu er góð og stórt bílastæði er við húsið.

**Verð 35,9 millj.**

# Laugavegur 114, 116 og 118b
# Rauðarárstígur 10

**TIL SÖLU**







U.þ.b. 8.200 m2 fasteign í hjarta miðbæjarins sem býður upp á mikla framtíðarmöguleika

Fasteignin er eitt af kennileitum Reykjavíkur og er staðsett á horni Laugavegar og Snorrabrautar

Staðsetning er við Hlemm, miðpunkt fyrirhugaðrar Borgarlínu

Fjölbreytt mannlíf, veitingastaðir, kaffihús og hótel í nágrenninu

Við Hlemmtorg eru fyrirhugaðar spennandi breytingar sem auka notkunargildi svæðisins

Fasteignin við Laugaveg 114-118b var teiknuð af Gunnlaugi Helgasyni arkitekt

Bílastæðahús með 191 stæðum er í göngufæri

Aðgangsstýrt bílastæði í bakgarði með 91 stæði

Burðarvirki hússins samanstendur af steyptum bitum og súlum

Lagnakerfi hússins þarfnast endurnýjunar samhliða breyttri notkun og uppbyggingu

Tækifæri fyrir fjárfesta eða þróunaraðila til að finna byggingunni nýtt og nútímalegt hlutverk.

Frekari upplýsingar um eignina er hægt að nálgast á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is.

Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið fasteignir@rikiskaup.is.
Fyrirspurnum verður svarað í ágúst eftir sumarleyfi. Aðilar eru hvattir til að kynna sér fyrirliggjandi gögn.

Mat verður lagt á tilboð sem berast um miðjan ágúst. Boðið verður upp á skoðunarferð áður.

Seljandi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

RÍKISKAUP






Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

NÝTT Í SÖLU



**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 18. ágúst kl. 17.30 - 18.00

## Árskógar 8
**109 Reykjavík (íb. 704)**

**Mjög vel með farin 2ja herb. 75,4 fm íbúð á 7. hæð í lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri.**

- Mikið útsýni, suðursvalir
- Stór björt stofa, svefnherbergi og gott baðherb.
- Geymsla í kjallara 5,4 fm
- Húsvörður er byggingunni
- Innangengt er í Árskóga 4

FÉLAGSSTARF OG MATARÞJÓNUSTA VIRKA DAGA

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Verð: **49,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag 17. ágúst kl. 17.30 - 18.00

## Hólavallagata 5
**101 Reykjavík**

**Falleg 56,7 fm íbúð í kjallara**

- Rúmgóð stofa, svefnherbergi með nýlegum fataskápum
- Eldhús með borðkrók
- Baðherbergi endurnýjað
- Skolp endurnýjað
- Húsið endur steinað
- Afhending við samning

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **35,9 millj.**



## Ásborgir 14
**805 Grímsnes**

**Fallegt, bjart og vel skipulagt heilsárshús á einstakri útsýnislóð**

- Húsið stendur á tæplega 0,4 ha kjarrivaxinni eignarlóð með góðu útsýni yfir Búrfellslæk og Sogið.
- Húsið er skráð 224,4 fm en þar af er bílskúr um 52,4 fm

**PANTIÐ SKOÐUN** hjá Jason í síma **775 1515**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **82 millj.**

NÝTT Í SÖLU



**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 18. ágúst kl. 17.30 - 18.00

## Engjadalur 2
**260 Njarðvík**

**Mjög björt og falleg 4 herb. endaíbúð á efri hæð í 2ja hæða fjölbýli**

- Sér inngangur af svölum
- 3 svefnherbergi auk fataherbergis. Þvottahús í íb.
- Gluggar á þrjá vegu
- Leikvöllur á lóð. Frábær fjölskyldueign og stutt í alla þjónustu

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Verð: **42,9 millj.**



## Lyngás 1E
**210 Garðabær**

**Rúmgóð og björt 4ra herbergja 100fm íbúð í nýlegu lyftuhúsi**

- Sérinngangur af svalagangi og skiptist í forstofu, eldhús, stofu- og borðstofu með útgengt út á svalir, þrjú svefnherbergi og baðherbergi með tengi fyrir þvottavél.
- Sérgeymsla ca 10 fm. Bílastæði í bílgeymslu

**PANTIÐ SKOÐUN** hjá Jason í síma **775 1515**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Verð: **61,5 millj.**



**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag 17. ágúst kl. 17.00 - 17.30

## Hjallasel 33
**109 Reykjavík**

**Fallegt og vandað 69,1 fermetra parhús á einni hæð**

- Mikilli lofthæð
- Rúmgott svefnherbergi
- Rúmgóð stofa
- Fallegur sér garður
- Útigeymsla

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Verð: **52,5 millj.**



## Flugumýri 24-26
**270 Mosfellsbæ**

**Glæsilegt iðnaðarbil eða dótakassi**

- Innkeyrsluhurð 3x3 m ásamt gönguhurð
- Stærð 65,3 fm, vinnusalur, starfsmanna aðstaða, kaffistofa og snyrting. Hiti í stétt fyrir framan
- Mikil lofthæð og möguleiki á að gera millipall
- Tveir gámar fygja

**PANTIÐ SKOÐUN** hjá Jórunni í síma **845 8958**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **33,5 millj.**



**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag 17. ágúst kl. 17.30 - 18.00

## Holtsvegur 29
**210 Garðabær**

**Glæsileg og björt 5 herb. 154 fm íbúð í nýlegu 9 íbúða fjölbýli með lyftu**

- Þrjú til fjögur rúmgóð svefnherbergi
- Sér þvottahús innan íbúðar
- Aukin lofthæð
- Tvennar svalir + þaksvalir
- Stæði í bílageymslu

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

Ómar Hvanndal
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 832 3200
omar@miklaborg.is

Verð: **81,9 millj.**

**Tilbúnar nýjar íbúðir**



## Sogavegur 73-77
**108 Reykjavík**

**Fallegar og mjög vel skipulagðar nýjar íbúðir 3ja - 4ra herbergja**

- Íbúðirnar afhendist með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél
- Bílastæði í bílageymslu
- Sérinngangur með mörgum íbúðum
- Sérafnotaréttir eða svalir með öllum íbúðum

**PANTIÐ SKOÐUN** hjá sölumönnum Mikluborgar

Aðeins **5** íbúðir eftir

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteigna & skipasali
Sími: 698 4450
ingi@miklaborg.is

Verð frá: **67,9 millj.**



**OPIÐ HÚS** miðvikudaginn 18. ágúst kl. 17.30 - 18.00

## Álagrandi 8
**107 Reykjavík**

**Falleg og vel skipulögð 2-3 herbergja 79,9 fm útsýnisíbúð**

- Í dag 2ja herbergja útsýnis endaíbúð á efstu hæð
- Hol, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi, stofur.
- Úr stofu eru útsýnis svalir sem snúa til suð-vesturs og ná yfir alla íbúðina.

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **52 millj.**

Vegna mikillar sölu **vantar allar gerðir fasteigna** til sölu, **hafið samband við sölumenn okkar** bókið skoðun og **fáið frítt verðmat.**

**569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?




**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Vantar þig blaðið í dag, í gær

## eða kannski helgarblað frá því í fyrra?

## Kíktu á BLÖÐIN á frettabladid.is

» Á **frettabladid.is** finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flipanum **Blöðin**

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á

frettabladid.is



# Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

### Bókhald

**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

**Uppl. í síma 8548080/5168080**
**retta.is**
**olafur@retta.is**

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HÚSA - VIÐGERÐIR**
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN

* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu




myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Tilkynningar

### Tilkynningar




# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is





Erum við að leita **að þér?**


„Ég kem með gönguskóna“
Komdu með í ferðalag!
Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta
um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.
ÍSLAND
KOMDU
MEÐ
Brandenburg | SÍA

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, tillaga

**Endurskoðun stefnu um íbúðarbyggð og blandaða byggð og tæknileg uppfærsla Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, með lengingu skipulagstímabils til ársins 2040.**

**Framlenging athugasemdafrests til 31. ágúst.**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 15. júní 2021 að auglýsa tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040. Aðalskipulagstillagan er uppfærð og endurbætt útgáfa þess aðalskipulags (AR2030) sem staðfest var fyrir rúmum 7 árum. Tillagan byggir þannig á sýn og stefnumörkun AR2030, sem staðfest var í febrúar árið 2014 að undangengnu löngu og ítarlegu samráðs- og kynningarferli.

Breytingartillögur miða allar að því að tryggja betur framfylgd núgildandi megin markmiða aðalskipulagsins um sjálfbæra borgarþróun. Breytingarnar snúa einkum að stefnu um íbúðarbyggð innan þéttbýlis borgarinnar. Auk þess eru boðaðar stöku breytingar á völdum atvinnusvæðum og samgönguinnviðum. Tillögurnar gera einnig ráð fyrir því að tímabil aðalskipulagsins verði framlengt til ársins 2040 og í tilefni þess eru sett fram ný megin markmið í völdum málaflokkum.

Aðalskipulagstillagan, greinargerð ásamt skipulagsuppdráttum, er auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og önnur fylgiskjöl. Tillagan er einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 20. maí 2021. Nálgast má öll skipulagsgögn á ***adalskipulag.is*** og ***reykjavik.is***
Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00, **frá 21. júní 2021 til og með 31. ágúst 2021**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b .

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, **Borgartúni 12-14** eða á netfangið ***skipulag@reykjavik.is***, eigi síðar en **31. ágúst 2021**. **Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


**Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER**




COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförnum árum.

COVER FINNSK GÆÐI Í 35 ÁR
NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is



# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



# Varmadælur

***Ný kynslóð: Innbyggð sótthreinsun***







**Innbyggt:**
-WiFi
-Spennuvörn
-Lágþrýstivörn

WiFi

NØRDIS **Áratuga reynsla í Noregi**

# KGG

KGG.is

Kristjan G. Gislason ehf • 552-0000 • kgg@kgg.is

## Varmadæluskjól



-Öflug
-Úr málm
-Vindþolin

## Frágangshlífar

Frágangshlutar



## Vatnsdælur



## Varmadælurör






# MATUR OG HEIMILI

## MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara, fær innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnist matarmenningu hvers og eins. Sjöfn heimsækir jafnframt heimili ólíkra einstaklinga, kynnist persónulegum stíl þeirra og hönnun.

Matur og Heimili er á dagskrá alla þriðjudaga klukkan 19.00.

BÓNUS

Lemon

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

HRINGBRAUT

## Merkisatburðir

**1624** Stórbruni verður í Osló svo segja má að borgin brenni til kaldra kola.
**1924** Antonio Locatelli, ítalskur flugmaður, kemur til Reykjavíkur á flugbáti.
**1946** Valgerður Þorsteinsdóttir verður fyrst íslenskra kvenna til að ljúka einkaflugmannsprófi.
**1970** Bandaríkin sökkva 418 taugagasgeymum í Golfstrauminn við Bahamaeyjar.
**1972** Alþjóðadómstóllinn í Haag hafnar röksemdum Íslendinga í landhelgisdeilu þeirra og Breta.
**1977** Sovéski ísbrjóturinn Arktika kemst fyrstur skipa á Norðurpólinn.
**1980** Heklugos hefst.
**1982** Fyrstu geisladiskarnir fara á markað í Þýskalandi. Á þeim eru valsar eftir Chopin í flutningi Claudio Arrau.
**1993** Almenningi er í fyrsta sinn hleypt inn í Buckingham-höll í London.
**1997** Íslenska kvikmyndin Blossi/810551 er frumsýnd. Hún er í leikstjórn Júlíusar Kemp og skrifuð af Lars Emil Árnasyni.
**2013** Harðangursbrúin í Noregi er opnuð fyrir umferð.




Guðrún Björt og Þorkell eru sammála um gildi Lions á Íslandi og á alþjóðavísu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Lionssamtökin á Íslandi 70 ára

**Um þessar mundir eru liðin sjötíu ár frá því að Magnús Kjaran kaupmaður stofnaði Lionsklúbb Reykjavíkur. Það markaði upphafið að starfi Lions á Íslandi.**

arnartomas@frettabladid.is

Lionshreyfingin á Íslandi fagnaði sjötíu ára afmæli síðastliðinn laugardag. Í tilefni þess var blómsveigur lagður á leiði Magnúsar Kjaran kaupmanns, sem stofnaði fyrsta klúbb samtakanna hér á landi, Lionsklúbb Reykjavíkur. Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrrverandi alþjóðaforseti hreyfingarinnar, og Þorkell Cýrusson fjölumdæmisstjóri hafa lengi verið meðlimir í samtökunum sem þau segja að skipi veigamikinn sess í þeirra lífi.

„Eftir að Lionsklúbbur Reykjavíkur var stofnaður fjölgaði klúbbunum og Lionshreyfingin dafnaði hér á landi svo fljótlega þurfti að skipta landinu í tvö umdæmi,“ segir Guðrún Björt í upphafi dálítillar sögustundar um Lions á Íslandi. „Á þeim tíma voru meðlimir aðeins karlmenn, samkvæmt lögum samtakanna, en það var svo árið 1987 að konum var leyfð inngangа í hreyfinguna.“

Þorkell segir útbreiðslu Lionshreyfingarinnar hér á landi hafa að stórum hluta verið atorkusemi Magnúsar Kjaran að þakka, hann hafi sent erindreka út um allt land með það að markmiði að stofna klúbba. „Í dag eru klúbbarnir um 80 talsins og í þeim eru um tvö þúsund manns,“ upplýsir hann. „Já, þegar best lét var um eitt prósent Íslendinga Lionsfélagar en sú er ekki lengur raunin því félögum hefur ekki fjölgað í takt við íbúafjölgun í landinu,“ útskýrir Guðrún. Hún segir hreyfinguna hér á landi skera sig frá starfi samtakanna í öðrum löndum. „Við höfum lagt sérstaklega mikla áherslu á umhverfismál og erum stolt af því.“

> **Þegar best lét var um eitt prósent Íslendinga Lionsfélagar en sú er ekki lengur raunin því félögunum hefur ekki fjölgað í takt við íbúafjölgun í landinu.**
>
> Guðrún Björt.

Alþjóðasamtök Lions, sem og hreyfingin á Íslandi, hafa tekið þátt í að veita aðstoð eftir náttúruhamfarir, eins og þegar spítalinn í Vestmannaeyjum fór undir ösku í eldgosinu 1973,“ lýsir Guðrún. „Lionsklúbburinn þar endurbyggði spítalann og keypti allt nýtt inn í hann, allt frá teskeiðum upp í skurðstofutæki.“

Þorkell man ennþá eftir því þegar hann fékk fyrst boð um að mæta í Lionsklúbb Nesþinga á Hellissandi árið 1990. „Ég snerti eiginlega ekki jörðina í nokkra daga á eftir, mér þótti þetta svo merkilegt,“ segir hann. „Ég hélt fyrst að þetta væri kannski klúbbur fyrir eldri og heldri menn og ekki vettvangur fyrir ungan mann eins og mig, en ég var fljótur að átta mig á út á hvað starfið gekk og það heillaði mig mjög.“

Guðrún gekk aðeins síðar í hreyfinguna, árið 1992, en áður en konur fengu inngöngu í samtökin hafði hún verið manninum sínum innan handar í hans klúbbastarfi. „Klúbburinn hans virkjaði mikið fjölskyldur meðlimanna í alls konar verkefni svo ég þekkti til starfsins,“ segir hún. „Þegar mér var svo boðið að ganga í klúbbinn árið 1987 hafði ég ekki tíma til þess en gekk í hreyfinguna nokkrum árum síðar, enda var ég mjög heilluð af starfinu á heimsvísu.“

Þorkell segir framtíð Lionssamtakanna á Íslandi bjarta. „Ég tel að hreyfingin höndli vel aðlögun að breyttum tímum og held að hún komi enn sterkari en áður út úr Covid-ástandinu sem nú ríkir.“ ■



✝

Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Signý Una Sen**
lögfræðingur,
Miðleiti 7,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 7. ágúst. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey.

**Erlendur Ping-Hwa Sen Jónsson** **Hanna M. Siggeirsdóttir**
**Jón Helgi Sen Erlendsson** **Guðbergur G. Erlendss.**
**Signý Vala Sveinsdóttir** **Unnur E. Sveinsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,

**Sigurður Gunnarsson**

sem lést mánudaginn 2. ágúst á Hrafnistu í Hafnarfirði verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 18. ágúst kl. 15.

**Ragnheiður Gunnarsdóttir** **Ásgeir Bjarnason**
**Magnús Gunnarsson** **Elísabet Karlsdóttir**
**og fjölskyldur.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson

Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242


ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Aðalsteinsson**

lést laugardaginn 31. júlí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, miðvikudaginn 18. ágúst klukkan 15. Streymt verður frá athöfninni á https://youtu.be/EKeP7EGkubQ. Einnig má nálgast slóð á mbl.is/andlát á útfarardaginn.

**Steinunn Aðalsteinsdóttir**
**Aðalsteinn Guðmundsson** **Ásta S. Aðalsteinsdóttir**
**Birgir Örn Guðmundsson** **Gunnlaug Guðmundsdóttir**
**Guðm. Gylfi Guðmundsson** **Helga Aspelund**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær bróðir, mágur, stjúpfaðir og móðurbróðir okkar,

**Páll Jónsson**

lést 10. júlí sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju, fimmtudaginn 19. ágúst klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Anna Pála Vignisdóttir**
**Páll Loftsson, Arnar Pétursson**
**Jóhanna Katrín Pálsdóttir**
**Jón Bragi Pálsson og Leifur Pálsson**



✝

Okkar ástkæri

**Steingrímur Hálfdanarson**
loftskeytamaður,

sem lést 6. ágúst, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 18. ágúst klukkan 15.00. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða aðeins nánir ættingjar og vinir viðstaddir en athöfninni verður streymt á https://bit.ly/3CLtx8d

**María Hlín Steingrímsdóttir**
**Hanna Steinunn Steingrímsdóttir** **Eyjólfur D. Jóhannsson**
**Jóhanna Þ. Ingimarsdóttir**
**Sindri Máni, Hilmir Snær og Ísak Elí**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Lárusdóttir**

lést miðvikudaginn 11. ágúst á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 20. ágúst klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar er bent á alzheimersamtökin.

**Siguróli Jóhannsson**
**Jóhann Sigurólason**
**Rafn G. Sigurólason**
**Hrafnhildur Siguróladóttir** **Vilhjálmur Einarsson**
**Grétar Lárus Sigurólason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# ÚTSALA
# 20-70% AFSLÁTTUR
## MÖGNUÐ TILBOÐ

**30% AFSLÁTTUR**



**CADENCE PLUSH, QUEEN SIZE**
ÚTSÖLUVERÐ
**170.940 KR.**
VERÐ ÁÐUR 242.700 KR.
VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPIR.

**20% AFSLÁTTUR**



**GLACIER BAY FIRM, QUEEN SIZE**
ÚTSÖLUVERÐ
**201.760 KR.**
VERÐ ÁÐUR 250.700 KR.
VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPIR.

**70% AFSLÁTTUR**



**POPPY DÝNA**
ÚTSÖLUVERÐ
**20.274 KR.**
VERÐ ÁÐUR 67.580 KR.

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM
**20-70% AFSLÁTTUR**

**MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP**

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

## Veðurspá Þriðjudagur




Vestlæg eða breytileg átt 3-8 m/s í dag. Birtir upp inn til landsins, en allvíða skýjað við ströndina og þokuloft á köflum. Hiti yfirleitt 12 til 20 stig, hlýjast í innsveitum. Vestan og norðvestan 3-10 á morgun. Skýjað að mestu og líkur á dálítilli vætu í flestum landshlutum. ■




# Fréttaumfjöllun fyrir alla

kl. 18.30 á virkum dögum

**Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is**

HRINGBRAUT

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik.**



## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 flónskur
5 jafnvel
6 hæð
8 dandalast
10 í röð
11 stig
12 vísað
13 kríki
15 urðað
17 afhenda

**LÓÐRÉTT**
1 lestun
2 nýlega
3 ónóg
4 andin
7 jafnhliða
9 aðalsmaður
12 marr
14 tímabils
16 rómversk tala



**LÁRÉTT:** 1 fávís, 5 eða, 6 ás, 8 rangla, 10 mn, 11 rim, 12 bent, 13 nári, 15 grafið, 17 skila.
**LÓÐRÉTT:** 1 ferming, 2 áðan, 3 van, 4 sálin, 7 samtíða, 9 greifi, 12 brak, 14 árs, 16 il.

Vignir Vatnar Stefánsson (2.371) átti leik gegn Alexander Hart (2.032) á alþjóðlegu móti í Uppsölum í Svíþjóð.

**29. Dc8! Rf4** (29...Hxc8 30. Hxc8 og mátar). **30. Bxa8! g6** (30...Re2+ 31. Kf1 Rxc1 32. Dxe6+ Kh8 32. Rf7+ Kg8 33. Rh6+ Kh8 34. Dg8+ Hxg8 35. Rf7#). **31. Dc4 1-0.** Vignir stóð sig vel og vann sinn flokk. Kristján Dagur Jónsson átti afar gott mót í opna flokknum.

**www.skak.is:** Borgarskákmótið í dag.

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





> Þegar ég er að skapa list mína þá hugsa ég mikið um hvað það er mikil gjöf að hafa alist upp á Íslandi.

# Þetta hefur verið eins og ævintýri



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

**Kristjana S. Williams, sem er þekkt fyrir verk sín víða um heim, heldur einkasýningu í Gallerí Fold. Sýningin er til 28. ágúst. Hún samanstendur af fjölda nýrra verka með íslensku þema.**

Kristjana sýnir prentverk og einnig þrjú þrívíddarverk, þar sem dýpt er framkölluð með því að forma og vinna áprentaðan listaverkapappírinn í þrívídd.

„Verkin á þessari sýningu eru þau fyrstu sem ég geri sem eru alfarið um Ísland,“ segir Kristjana. „Ég er búin að búa á Bretlandi frá því ég var tvítug, sem er stór hluti af ævi minni. Í þessum verkum endurspeglast það sem heillar mig við Ísland, norðurljós, eldgos, jöklar, fossar og dýralíf og í einu verki sést í bátinn hans afa. Ég er viss um að ef ég hefði búið á Íslandi öll þessi ár þá væru verkin öðruvísi. Þau bera með sér að ég hef verið í burtu í langan tíma.“

Þótt hún hafi búið erlendis í áratugi fylgir Ísland henni enn. „Þegar ég er að skapa list mína þá hugsa ég mikið um hvað það er mikil gjöf að hafa alist upp á Íslandi, því fylgir sérstök orka sem er ekki á öðrum stöðum. Ég kem alltaf auga á hana í verkum mínum. Eftir þessa sýningu langar mig til að gera dýpri verk um Ísland,“ segir hún.

**Viktoríönsk hefð**

Á sýningunni í Gallerí Fold eru einnig fjögur þrívíddarverk, innblásin af ævintýraferðum sjónvarpsmannsins Bens Fogel og tengjast meðal annars göngu hans á Everest og ferðum til Afríku. Fogel hefur ferðast um Ísland og myndað hér á landi fyrir sjónvarpsþætti sína, Lives in the Wild. „Hann kom til mín og vildi fá verk um líf sitt og þar sem ég hef mikinn áhuga á fólki sem er með ævintýragen í sér var það meira en sjálfsagt,“ segir Kristjana.

Verk hennar einkennast af fagurfræði og þar er oft að finna leturgröft frá viktoríanska tímabilinu í bland við gróður og alls kyns dýralíf. „Ég er að draga viktoríanska hefð inn í nútímann,“ segir Kristjana.

**Mikil velgengni**

Myndlistarferill hennar hófst árið 2011 en auk þess að sinna myndlist hefur hún einnig myndlýst bækur og hannað ýmsa muni. Hún býr í London þar sem hún er með vinnustofu og hjá henni vinna tíu manns.



Í þessum verkum endurspeglast það sem heillar mig við Ísland, segir Kristjana. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hún hefur unnið mörg alþjóðleg verðlaun fyrir verk sín og starfar með aðilum á borð við Harrods, Victoria & Albert safnið, Fortnum & Mason, Browns Hotel og Penhaligon's, Paul Smith og London's Shard. Í Victoriu & Albert safninu stendur nú yfir sýning um Lísu í Undralandi og Kristjana er höfundur litríkrar bókar um sýninguna og Lísu, sem safnið pantaði frá henni og er þar til sölu. Velgengnin er mikil. „Þetta hefur verið eins og ævintýri. Ég er óskaplega þakklát fyrir það hversu vel hefur gengið,“ segir hún. ■


## Sjálfbær, lífvænleg og kolefnishlutlaus borg

**Streymisfundur 19. ágúst kl. 17–18.30 um aðalskipulag í auglýsingu**



Á fundinum verður kynnt tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040, sem nú er í auglýsingu með framlengdum athugasemdafresti til 31. ágúst nk.

Frummælendur á fundinum verða:

- **Dagur B. Eggertsson**, borgarstjóri
- **Haraldur Sigurðsson**, deildarstjóri aðalskipulags
- **Hrönn Hrafnsdóttir**, verkefnisstjóri loftslagsmála
- **Pawel Bartoszek**, formaður skipulags- og samgönguráðs

**Ólöf Örvarsdóttir**, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs stýrir fundinum.

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 15. júní 2021 að auglýsa tillöguna, en hún er uppfærð og endurbætt útgáfa þess aðalskipulags sem staðfest var fyrir rúmum 7 árum. Tillagan byggir í öllum meginatriðum á sýn og stefnumörkun AR2010-2030 um sjálfbæra borgarþróun, sem samþykkt var í febrúar árið 2014.

Megintilgangur breytingatillagna er að tvinna betur saman áætlanir aðalskipulagsins um þróun byggðar við uppbyggingu Borgarlínu og aðgerðir Loftslagsstefnu. Tillagan, ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum, er aðgengileg á adalskipulag.is.

Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en **31. ágúst 2021.**

Dagskrá fundarins er kynnt nánar á **reykjavik.is/reykjavik2040**, þar sem fundinum verður streymt, og á Facebooksíðu Reykjavíkurborgar.

Það er kjörið að senda inn spurningar fyrir fram á netfangið skipulag@reykjavik.is eða í streymi á Facebook á meðan fundi stendur.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# BETRI SVEFN BETRA LÍF

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni.



Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK




# Þriðjudagur

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Eldhugar** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
**20.00 433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

## RÚV Sjónvarp

**11.00 Heimaleikfimi**
**11.10 Kastljós**
**11.25 Menningin**
**11.40 Hraðfréttir**
**11.50 Pricebræður bjóða til veislu**
**12.30 Fyrstu Svíarnir**
**13.30 Í 50 ár**
**14.10 Steinsteypuöldin**
**14.40 Gleðin í garðinum**
**15.10 Rick Stein og franska eldhúsið**
**16.10 Átta raddir**
**16.45 Andri á flandri - Í Vesturheimi**
**17.20 Á götunni**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Handboltaáskorunin**
**18.13 Bitið, brennt og stungið**
**18.28 Hönnunarstirnin**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Bækur og staðir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Út í alheiminn með Stephen Hawking**
**20.45 Vika án ósanninda: Sannsöglitilraunin** Heimildarþáttur frá BBC þar sem vísindamenn beita nýrri tækni á þrjá þátttakendur sem gerir þeim ókleift að segja ósatt í heila viku. Hvernig væri heimurinn ef við gætum ekki logið?
**21.40 Hamingjuleit** Danskir gamanþættir um Henrik og Stephanie sem stefna á rómantíska ferð til Frakklands en kórónaveirufaraldurinn setur strik í reikninginn og þau ákveða að reyna að blása nýjum glæðum í sambandið með því að fara í hjólaferð innanlands. Aðalhlutverk: Lise Baastrup, Nikolaj Kopernikus, Simon Bonde og Roberta Reichardt. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Stjórnandinn** Sænsk-rússneskir spennuþættir um sænskan fjárfestingaráðgjafa í Moskvu árið 1999 sem gerir áhættusaman samning og eignast í leiðinni hættulega óvini sem svífast einskis. Aðalhlutverk: Adam Pålsson, Karolina Gruszka og Linda Zilliacus. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Babýlon Berlín**
**23.55 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**08.50 LET Tour 2021**
**11.50 LET Tour 2021**
**15.50 LET Tour 2021**
**19.55 LET Tour 2021 - Highlights**
**20.40 LET Tour 2021**

## Sjónvarp Símans

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.08 The Late Late Show**
**13.48 The Block**
**14.36 90210**
**15.16 American Housewife**
**15.41 Young Rock**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Block**
**20.10 A Million Little Things**
**21.00 Bull** Dramatísk þáttaröð um nokkra vini sem verða að endurskoða lífið og tilveruna eftir að einn úr hópnum deyr.
**21.50 The Stand** Spennandi þáttaröð sem byggð er á sögu eftir Stephen King. Eftir að plága hefur fellt meirihluta jarðarbúa hvíla örlög mannkynsins á herðum fámenns hóps sem lifði af. Versta martröð þeirra birtist í manni með banvænt bros og ógnvænlega krafta. Aðalhlutverkin leika Whoopi Goldberg, Alexander Skarsgård, James Marsden og Odessa Young.
**22.35 Love Island**
**23.25 The Royals**
**00.10 The Late Late Show**
**00.50 New Amsterdam**
**01.35 Normal People**
**02.05 Nurses**
**02.50 Love Island**
**03.40 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**11.00 Heimaleikfimi**
**11.10 Kastljós**
**11.25 Menningin**
**11.40 Hraðfréttir**
**11.50 Pricebræður bjóða til veislu**
**12.30 Fyrstu Svíarnir**
**13.30 Í 50 ár**
**14.10 Steinsteypuöldin**
**14.40 Gleðin í garðinum**
**15.10 Rick Stein og franska eldhúsið**
**16.10 Átta raddir**
**16.45 Andri á flandri - Í Vesturheimi**
**17.20 Á götunni**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Handboltaáskorunin**
**18.13 Bitið, brennt og stungið**
**18.28 Hönnunarstirnin**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Bækur og staðir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Út í alheiminn með Stephen Hawking**
**20.45 Vika án ósanninda: Sannsöglitilraunin**
**21.40 Hamingjuleit**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Stjórnandinn**
**23.05 Babýlon Berlín**
**23.55 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Bíó

**10.45 Charlie and the Chocolate Factory**
**12.35 Like Cats & Dogs**
**14.00 Mamma Mia**
**15.45 Charlie and the Chocolate Factory**
**17.40 Like Cats & Dogs**
**19.10 Mamma Mia**
**21.00 The Hustle**
**22.30 Robin Hood**
**00.20 The Dinner**
**02.20 The Hustle**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.20 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The Good Doctor**
**10.10 Logi í beinni**
**10.55 Út um víðan völl**
**11.30 NCIS**
**12.10 Friends**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 The Office**
**13.15 Family Law**
**14.05 Ísskápastríð**
**14.40 Dagbók Urriða**
**15.00 Lögreglan**
**15.25 Feðgar á ferð**
**15.45 Veronica Mars**
**16.30 The Masked Singer**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.05 Einkalífið**
**19.45 Saved by the Bell**
**20.15 The Goldbergs**
**20.35 Next** Hörkuspennandi vísindaskáldskapur og glæpaþættir frá 2020 með John Slattery í aðalhlutverki. Frumkvöðull úr Silicon Valley áttar sig á að ein af uppgötvunum hans, öflug gervigreind, gæti mögulega valdið hnattrænum hamförum. Hann fer því í samstarf með lögreglu sem sérhæfir sig í netglæpum, til að uppræta óvin sem er ólíkur öllu því sem við höfum áður séð.
**21.20 The Murders** Drama- og glæpaþættir frá 2019. Kate Jameson, nýliði í rannsóknarlögreglunni, leitast eftir friðþægingu í rannsóknum sínum eftir að hafa gerst sek um gáleysi sem leiddi til dauða samstarfsfélaga hennar.
**22.05 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.40 The Wire**
**23.35 Pennyworth**
**00.35 Blinded**
**01.20 LA's Finest**
**02.00 The Mentalist**
**02.45 The Good Doctor**
**03.25 NCIS**

## Stöð 2 Sport

**08.05 Pepsi Max Stúkan - 16. ágúst**
**08.40 Fylkir - Víkingur R.**
**10.20 Valur - Stjarnan**
**11.30 FH - Valur**
**12.40 Aberdeen - Breiðablik**
**14.20 Víkingur R. - KR**
**16.05 Breiðablik - Valur**
**17.50 Þór/KA - Tindastóll**
**19.55 Fylkir - Víkingur R.**
**21.35 Pepsi Max Stúkan - 16. ágúst**
**22.05 Keflavík - Njarðvík 22.apr.99**
**22.45 Pétur Jóhann Sigfússon**
**23.15 Þór/KA - Tindastóll**

## Stöð 2 Sport 2

**07.45 Burnley - Bournemouth**
**09.25 Dynamo Kiev - Juventus**
**11.00 UEFA Super Cup: Chelsea vs. Villareal**
**13.35 Football League Show 2021/2022**
**14.00 Manchester United - West Ham**
**16.15 NFL Hard Knocks: Dallas Cowboys**
**17.05 Tottenham - Dinamo**
**18.50 Monaco - Shakhtar Donetsk**
**20.55 Swansea - Sheffield United**
**22.30 Peterborough - Derby**
**00.15 Sheriff Tiraspol - Dinamo Zagreb**

# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ ALLA VIKUNA!

16.–22. ágúst

# 16” Pizza af matseðli 1.600

16” Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna

SPAÐINN

Spaðinn Pizza · Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b · spadinn.is

DV

TEKJUR ÞÚSUNDA ÍSLENDINGA

DV gefur út sérblað á morgun um tekjur þúsunda Íslendinga en þá verða álagningarskrár gerðar opinberar.




Aðeins 1.190 kr.!

Kynntu þér launatekjur kunnra landsmanna og hvaða laun eru í boði í þinni atvinnugrein.

Náðu þér í eintak hjá öllum helstu matvöruverslunum landsins, bókabúðum og bensínstöðvum.



Tumi vonast til að geta fylgt plötunni eftir með útgáfutónleikum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gerði heila plötu um loftslagsbreytingar

**Saxófónleikarinn Tumi Árnason gaf út plötuna Hlýnun í lok júlí, rétt um það leyti sem fimmta bylgja heimsfaraldursins hófst hér á landi, og hefur því lítið náð að fylgja henni eftir. Í kvöld kemur Tuma Árnason tríó fram á Skuggabaldri.**

steingerdur@frettabladid.is

Tuma Árnason tríó kemur fram í kvöld á djassbúllunni Skuggabaldri við Austurvöll. Tríóið er skipað þeim Tuma Árnasyni saxófónleikara, Magnúsi Tryggvasyni Eliassen trommuleikara og bassaleikaranum Ingibjörgu Elsu Turchi.

„Við erum að spila saman í fyrsta sinn,“ segir Tumi en leiðréttir það svo fljótt. „Við erum reyndar alls ekki að spila í fyrsta sinn saman, en jú, í fyrsta sinn sem tríó. En við höfum öll unnið mikið saman, í alls konar verkefnum. Ég og Magnús höfum spilað saman um árabil og erum saman tveir í dúett, gáfum út plötu fyrir tveimur árum og erum að vinna í þeirri næstu. Það vill svo til að við Magnús erum einmitt aftur að spila á staðnum næsta sunnudag, þar sem verður lítil hátíð á vegum plötuútgáfunnar okkar, Reykjavík Record Shop.“

### Stefna á góða blöndu

Tumi og Magnús spila svo báðir líka í hljómsveit Ingibjargar.

„Platan hennar, Meliae, vann tónlistarverðlaunin í ár í flokki djass- og blústónlistar í vor. Við erum meðleikararnir hennar í því verkefni. Þannig að á tónleikunum á morgun tökum við líklega eitthvað af lögum eftir hana.“

Hann segir þau stefna á að taka góða blöndu af efni þeirra þriggja.

„Kannski einhverja „standarda“ í frjálslegri framsetningu. Það sem ég hef samið fyrir mig og Magnús, í því er til dæmis enginn bassi. Við ætlum að færa þetta svolítið í minni búning, annað samhengi.“




Heimsfaraldurinn hófst í miðju útgáfuferli plötunnar.

> „Það var næstum eins og einhver bölvun ríkti á henni, allt sem gat farið úrskeiðis gerði það. Það varð einhver bilun í plötuverksmiðjunni og allt tafðist.

### Margt fór úrskeiðis

Í lok júlí gaf Tumi út plötuna Hlýnun, en hann hafði unnið að útgáfu hennar í nokkur ár. Covid setti þó strik í reikninginn þegar það kom að útgáfunni.

„Hún er spiluð af kvartett, er með Magnúsi einmitt, nafna hans Magnúsi Jóhanni Ragnarssyni píanóleikara og Skúla Sverrissyni á bassa. Það er verkefni sem ég hef verið heillengi að vinna að. Platan fjallar um loftslagsbreytingar, tvöföld plata. Þetta er opið spunatónverk um loftslagsbreytingar, mjög „heavy“ allt saman,“ segir Tumi og hlær.

Hann segir því tónleikana kærkomna þar sem hann hafi mest verið að kynna Hlýnun undanfarið.

„Maður er búinn að lifa og hrærast svolítið með þessari plötu. Það er fínt að fara að hugsa um eitthvað annað í smá stund,“ segir hann hlæjandi.

Tumi byrjaði að vinna plötuna áður en að faraldurinn hófst.

„Ég sem tónlistina 2018 og 2019. Svo hefst faraldurinn í miðju útgáfuferlinu. Það var næstum eins og einhver bölvun ríkti á henni, allt sem gat farið úrskeiðis gerði það. Það varð einhver bilun í plötuverksmiðjunni og allt tafðist. Síðan koma allar þessar lokanir. Ég var farinn að halda að hún myndi aldrei koma út. Það var því mikill léttir að ná að geta loks komið henni út í umheiminn,“ segir Tumi.

### Tekur þetta á æðruleysinu

Platan kom út 23. júlí, sem er akkúrat um það leyti sem fimmta bylgja faraldursins hófst hér á landi.

„Þarna rétt áður voru einhver teikn á lofti um að hlutirnir væru að skána. Ég hélt lítið útgáfuboð þarna sama dag og maður var búinn að vera svo ánægður með að þetta væri einhvern veginn loksins að verða búið og ég gæti haldið útgáfutónleika. Svo náttúrlega er þetta ekkert búið. En maður tekur þetta bara á æðruleysinu.“

Hann segist vonast til að geta haldið útgáfutónleika þegar það verður ljósara hvert stefnir.

„Ætli maður reyni ekki þá að skipuleggja einhverja veglega tónleika, halda almennilega upp á þetta.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.00. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# Skólatöskudagar

Allar skólatöskur á 20% afslætti*

**20%** afsláttur af öllum skólatöskum



Skólataska Miss Lemonade
**11.199 kr.** VERÐ ÁÐUR 13.999 KR.



Skólataska 21L
**19.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 24.999 KR.



Skólataska 18L
**19.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 24.999 KR.



Skólataska 18L
**19.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 24.999 KR.



Skólataska 21L
**20.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 25.999 KR.

Skólataska 21L
**20.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 25.999 KR.

**20%** afsláttur af öllum skólatöskum



Skólataska 18L
**19.999 kr.** VERÐ ÁÐUR 24.999 KR.



Skólataska 22L
**20.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 25.999 KR.



Skólataska 22L
**20.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 25.999 KR.



Skólataska 22L
**20.799 kr.** VERÐ ÁÐUR 25.999 KR.



Skólataska Biocolor
**7.559 kr.** VERÐ ÁÐUR 9.449 KR.

*Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 18.ágúst eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

**penninn.is**
**540-2000**

Austurstræti
Skólavörðustígur
Laugavegur
Hallarmúli
Kringlan

Mjódd
Smáralind
Hafnarfjörður
Reykjanesbær
Akranes

Ísafjörður
Akureyri
Húsavík
Selfoss
Vestmannaeyjar

Penninn Eymundsson

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
FRÉTTABLAÐIÐ


## Bakþankar




Hauks Arnar Birgissonar


## Fallega fólkið

Í upphafi hverrar viku eru Íslendingar sólgnir í fréttir af því hvað fallega fólkið gerði um helgina. Sjálfur er ég ekki saklaus af því. Þúsundum saman smellum við á fyrirsagnir sem teyma okkur áfram á marineraðar ljósmyndir af frægu fólki, sem fæst er frægt fyrir nokkuð annað en að vera frægt. Enginn veit af hverju og fáir geta bent á atvik í sínu lífi þar sem þetta fólk hafi áhrif á sig. Við stöndumst hins vegar ekki freistinguna af því að fylgjast með áhrifalausu fólki hafa einhver undarleg áhrif.

Undanfarið hef ég tekið eftir því að áhrifavaldarnir eru flestir farnir að verja tíma sínum saman um helgar. Þau virðast öll hafa fundið hvert annað og stofnað eitthvert félag. Hver í sínu lagi birta stjörnurnar myndir frá sama staðnum, sama partíinu, sama útsýninu, jafnvel sama fólkinu. Með myndunum birtast þó engin skilaboð – bara ljósmynd af þeim, horfandi alvörugefin og heimspekileg hvert í sína áttina, eitthvert út í tómið. Það virðist alveg bannað að horfa beint í myndavélina.

Ég sætti mig við að aldrei mun birtast mynd af mér og hápunkti helgarinnar í fjölmiðlum. Það hefur enginn áhuga á þannig mynd, enda er ég með öllu áhrifalaus. Ekki einu sinni börnin mín hlusta á það sem ég hef að segja. Eini sénsinn minn til þess að fá 100 læk á Facebook er að birta krúttlega mynd af krökkunum eða tagga hálfan vinahópinn. En öll verðum við að byrja einhvers staðar. Ég minni á að Jesús var bara með 12 fylgjendur í upphafi. ■





